ÓNÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

# Bæjarins besta

Miðvikudagur 7. maí 2003 • 18. tbl. • 20. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 450 4580 • Veffang: www.bb.is • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 250 m/vsk

## Tunguskógur

## Hassbúnaður fannst

Útivistarmaður kom um helgina á lögreglustöðina á Ísafirði með plastflöskur undan gosdrykkjum sem hann hafði fundið á sumarhúsasvæðinu í Tunguskógi. Flöskur þessar báru með sér að þær hefðu verið notaðar sem hassreykingaáhöld.

Að sögn lögreglunnar finnast af og til áhöld sem benda til fíkniefnaneyslu hér og þar á víðavangi. Þetta er oft á fáförnum stöðum þar sem fíkniefnaneytendur leggja bifreiðum sínum gjarnan og reykja, ýmist inni í bifreiðum eða við þær.

Lögreglan hvetur ábyrgt fólk til að láta sig vita ef vart verður við eitthvað sem gæti bent til fíkniefnaneyslu. Nöfn tilkynnenda ekki koma fram enda er það óþarfi. Ábending til lögreglunnar dugar ein og sér.

*Frá undirritun samningsins: Halldór Halldórsson, Guðni G. Jóhannesson, Siv Friðleifsdóttir og Árni Bragason.*

### Tíu ára samningur um Hornstrandafriðland undirritaður

# Ísafjarðarbær annast umsjón

Umhverfisstofnun hefur falið Ísafjarðarbæ umsjón og rekstur friðlandsins á Hornströndum næstu tíu ár. Samningur þessa efnis var undirritaður á Ísafirði sl. föstudag. Með samningnum skuldbindur Ísafjarðarbær sig til að sjá svo um að umgengni og ástand friðlandsins á Hornströndum sé með besta móti, að farið sé að reglum friðlandsins, að ferðamenn séu upplýstir um skyldur sínar varðandi umgengni við friðlandið og að rusl sé hreinsað við híbýli. Einnig að gönguleiðum og ströndum í friðlandinu og upplýsingaskiltum og öðrum merkjum sé vel við haldið.

Samninginn undirrituðu annars vegar Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra og Árni Bragason frá Umhverfisstofnun og hins vegar Halldór Halldórsson bæjarstjóri og Guðni G. Jóhannesson, formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar.

Hornstrandanefnd er ráðgjafanefnd um málefni friðlandsins og ber að leggja fyrir hana öll málefni er varða friðlandið til umsagnar. Nefndin er skipuð þremur fulltrúum tilnefndum af Landeigendafélagi Sléttu- og Grunnavíkurhrepps, tveimur tilnefndum af Ísafjarðarbæ og einum af Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun veitir Ísafjarðarbæ að kostnaðarlausu ráðgjöf við gerð alls fræðsluefnis um hið friðlýsta svæði. Til merkis um samstarf Ísafjarðarbæjar og Umhverfisstofnunar skulu merki náttúruverndar (laufblaðið), Umhverfisstofnunar og Ísafjarðarbæjar koma fram á öllu fræðsluefni um friðlandið.

## Dr. Árelía frá Ingjaldssandi

**– sjá viðtal við Árelíu Eydísi Guðmundsdóttur í miðopnu**

## Fyrningarleiðin mun taka allan þrótt úr HG

**– sjá viðtal við Einar Val Kristjánsson, framkvæmdastjóra HG á bls. 6 og 7**

ÚTGÁFAN

**Bæjarins besta**

ISSN 1670 - 021X

***Útgefandi:***
H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
Sími 456 4560,
Fax 456 4564
***Ritstjóri:***
Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is
***Blaðamaður:***
Kristinn Hermannsson
sími 863 1623
kristinn@bb.is
***Ritstjóri netútgáfu:***
Hlynur Þór Magnússon
sími 892 2240
hlynur@bb.is
***Ljósmyndari:***
Halldór Sveinbjörnsson
sími 894 6125,
halldor@bb.is
***Ábyrgðarmenn:***
Sigurjón J. Sigurðsson og
Halldór Sveinbjörnsson
***Fréttavefur***: www.bb.is
***Önnur útgáfa:***
Á ferð um Vestfirði

***Umboðsaðilar BB:***
Eftirtaldir aðilar sjá um dreifingu á blaðinu á þéttbýlisstöðum utan Ísafjarðar:***Bolungarvík:*** Sólveig Sigurðardóttir, Hlíðarstræti 3, sími 456 7305. ***Súðavík:*** Sólveig Gísladóttir, Arnarflöt 7, sími 456 4106.***Suðureyri:*** Deborah Anne Ólafsson, Aðalgötu 20, sími 898 6328. ***Flateyri:*** Gunnhildur Brynjólfsdóttir, Brimnesvegi 12a, sími 456 7752. ***Þingeyri:*** Anna Signý Magnúsdóttir, Hlíðargötu 14, sími 456 8233.

***Sölustaðir á Ísafirði:***
***Hamraborg***, Hafnarstræti 7, sími 456 3166. ***Flugbarinn***, Ísafjarðarflugvelli, sími 456 4772. ***Bónus***, Ljóninu, Skeiði, sími 456 3230. ***Bókhlaðan***, Hafnarstræti 2, sími 456 3123. ***Bensínstöðin***, Hafnarstræti, sími 456 3574. ***Samkaup,*** Hafnarstræti 9-13, sími 456 5460. ***Krílið***, Sindragata 6, sími 456 3556.

Lausasöluverð er kr. 250 eintakið m.vsk. Áskriftarverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti.

### Söngvaseiður útnefndur til flutnings í Þjóðleikhúsinu

# Uppfærslan valin áhugaverðasta leiksýning áhugafólks

Uppfærsla Litla leikklúbbsins á Ísafirði og Tónlistarskóla Ísafjarðar á söngleiknum Söngvaseið (The Sound of Music) í leikstjórn Þórhildar Þorleifsdóttur verður flutt í Þjóðleikhúsinu seinni hlutann í þessum mánuði. Þetta var tilkynnt á ársþingi Bandalags íslenskra leikfélaga sem haldið var á Ísafirði um helgina.

Niðurstaða dómnefndar frá Þjóðleikhúsinu var sú, að uppfærslan á Söngvaseið væri áhugaverðasta leiksýning áhugafólks hérlendis á starfsárinu. Þeirri nafnbót fylgir að verkið er flutt á fjölum Þjóðleikhússins. Samkeppnin um áhugaverðasta áhugaleikritið hefur lengi verið hvatning til leikhópa um að vanda til sýninga sinna.

Þeim sem séð hafa verkið á Ísafirði er það fullljóst, að afar mikill metnaður og fagmennska liggja að baki þessari uppfærslu á Söngvaseiði. Undirtektirnar létu heldur ekki á sér standa en á þriðja þúsund manns komu á sýningarnar á verkinu á Ísafirði.

*Börn Von Tapp í hlutverkum sínum í Söngvaseiði.*

### Fossavatnsgangan á Ísafirði þreytt í 54. sinn

# Ólafur Th. hlaut Pétursbikarinn

Ólafur Thorlacius Árnason varð fyrstur í mark úr 20 km hring Fossavatnsgöngunnar á Ísafirði sem haldin var á laugardag. Hlaut hann að launum Pétursbikarinn sem Netagerð Vestfjarða gefur til minningar um Pétur Pétursson netagerðarmeistara. Fyrst kvenna í 20 km göngu var Jóna Lind Karlsdóttir sem hlaut að launum nýjan farandbikar gefinn var af svokölluðum Vasa2000-hópi. Um 110 keppendur tóku þátt í göngunni sem nú var haldin í 54. sinn. Keppt var í þremur vegalengdum og gengnir 7, 10 eða 20 km.

Að þessu sinni var ekki hægt ganga hina hefðbundnu Fossavatnsleið vegna hins snjólitla vetrar. Í staðinn var ræst og komið í mark við slysavarnaskýlið Kristjánsbúð á Botnsheiði. Gangan fór fram í sólskini, hægum andvara og vægu frosti. Nýr snjór var í allri brautinni og muna menn ekki hvenær síðast var hægt að skilja klísturtúpurnar heima og ganga bara „á bauk“ í Fossavatnsgöngu.

Keppni var jöfn í mörgum flokkum. Í 7 km göngu sigraði Sólveig Guðmundsdóttir í kvennaflokki en Stefán Pálsson í karlaflokki. Arnar Björgvinsson varð fyrstur í karlaflokki í 10 km göngunni en Katrín Árnadóttir sigraði í kvennaflokki. Í 20 km göngunni sigraði Stígur Stígsson í flokki 66 ára og eldri, Kristján Rafn Guðmundsson í flokki 50-65 ára, Einar Yngvason í flokki 35-49 ára, Ólafur Th. Árnason í flokki 16-34 ára og Jóna Lind Karlsdóttir í flokki kvenna 16-34 ára. Rósa Þorsteinsdóttir sigraði í flokki kvenna 35-49 ára.

Að göngunni lokinni var öllum boðið til veglegs kaffisamsætis í Kiwanishúsinu við Úlfsárósa.

*Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar var á meðal keppenda á mótinu.*

bb.is
púlsinn fyrir vestan

RITSTJÓRNARGREIN

# Nýtum tækifærin

Í síðustu viku lauk sýningum Tónlistarskóla Ísafjarðar og Litla leikklúbbsins á Söngvaseið. Þegar sýningum lauk var tala sýningargesta komin á þriðja þúsundið. Þar með er fyrirtækinu, að sögn, borgið fjárhagslega, sem er afar þýðingarmikið. Ánægjulegra væri þó ef eftir lægju sjóðir sem unnt væri að nýta til nýrra viðfangsefna, sem engum dylst að við eigum fullt af hæfu fólki til að takast á við. Uppfærslan á Söngvasveið er afrek, hvernig sem á það er litið.

Ef til vill má líkja listviðburði eins og þeim sem hér hefur verið gerður að umtalsefni við góss sem aðfallið bar að fótum okkar, sem biðum þess eins á ströndinni að eitthvað skemmtilegt ræki á fjörurnar. Og þá skal spurt: Hvernig nýttum við rekann? Hvað gerðum við til dæmis til að laða íbúa annarra byggðalaga til okkar til þess að njóta þessa mikla og góða „hvalreka“ með okkur?

Vestfirðir hafa hlotið lof og pris á erlendum vettvangi sem draumastaður ferðamanna. Hornstrandir þykja engu líkar. Allt er þetta gott og blessað svo langt sem það nær. Aðdáun og fögur orð duga þó skammt. Það verður að markaðsetja landsvæðið. Auglýsa grimmt hvað hér er í boði, ávinning þess að sækja Vestfirði heim. Ferðamannabransinn er ekkert frábrugðinn öðrum greinum viðskipta. Það er sleginst um viðskiptavinina.

Því miður vantar mikið á að við Vestfirðingar séum nógu duglegir að hampa því sem vel er gert hér um slóðir. Til dæmis: Hví í ósköpunum höfðu yfirvöld ferðamála í Ísafjarðarbæ ekki frumkvæði að því að skipuleggja flug-gisting-leikhúspakka til Ísafjarðar í tengslum við sýningarnar á Söngvaseið? Ef slíkur viðburður er ekki lyftistöng fyrir bæjarfélagið, hvað þá? Málið er að við verðum að nýta hvert einasta tækifæri sem gefst til að vekja athygli á því, sem hér er að gerast; því sem hér er í boði; á þeim möguleikum sem hér eru fyrir hendi. Það var grátlegt að nýta ekki betur tækifærið sem fólst í flutningi Söngvaseiðs.

Bæjaryfirvöld og þingmenn kjördæmisins verða að vera miklu harðari og umfram allt betur vakandi í baráttunni við að fjölga hér tækifærum, sem leitt gætu til þess að ungt fólk settist hér að. Í þessum efnum vega atvinnu- og menntamál þyngst.

Baráttan um brauðið hefur alltaf verið hörð. Og það mun ekki draga úr baráttunni um brauðmolana, sem kunna að falla af borði ríkisvaldsins til sveitarfélaganna á komandi tímum.

*s.h.*



Lestu nýjustu fréttir daglega á www.bb.is

## Sparisjóður Vestfirðinga

# Viðsnúningur í rekstri um 90 milljónir

Hagnaður Sparisjóðs Vestfirðinga eftir skatta var 10,2 milljónir króna á árinu 2002. Árið áður varð 82,7 milljóna króna tap á rekstri hans og nemur því afkomubatinn liðlega 90 milljónum króna á milli ára. Rekstrartekjur sjóðsins voru liðlega 882 milljónir króna á árinu 2002. Heildareignir um síðustu áramót námu ríflega 6,7 milljörðum króna og var eigið fé tæplega 635 milljónir. Eiginfjárhlutfall sjóðsins samkvæmt lögum var 9,9%. Útlán til viðskiptavina námu 5,3 milljörðum króna árið 2002 og höfðu hækkað um 6,3% á milli ára.

Á árinu störfuðu að meðaltali 34 manns hjá sjóðnum miðað við heilsársstörf og námu launagreiðslur um 135 milljónum króna.

Reikningar Sparisjóðs Vestfirðinga voru birtir á aðalfundi hans sem haldinn var í Félagsheimillinu á Þingeyri í síðustu viku. Fundinn sóttu stofnfjáraðilar sem hafa yfir að ráða liðlega 64% af stofnfé sjóðsins en það var um síðustu áramót 86,5 milljarðar króna og voru stofnfjáraðilar 333 alls.

Aðalfundurinn samþykkti að greiða 8% arð af stofnfé sem jafnframt var hækkað til samræmis við vísitölu neysluverðs. Aðalfundurinn samþykkti einnig að 10% af hagnaði ársins yrði ráðstafað til hækkunar stofnfjár.

Nýjar samþykktir fyrir sjóðinn voru samþykktar á aðalfundinum. Meginbreytingar sem á þeim voru gerðar voru vegna nýrra laga um fjármálafyrirtæki.

Í aðalstjórn sjóðsins voru kosnir af hálfu stofnfjáreigenda Bjarni Einarsson, Þingeyri, Björgvin Sigurjónsson, Tálknafirði, og Guðmundur Steinar Björgmundsson, Valþjófsdal.


BYGGÐASTOFNUN

## Stuðningur við atvinnuþróunarverkefni á landsbyggðinni

Á fundi ríkisstjórnar Íslands þann 11. febrúar 2003 var ákveðið að verja 700 milljónum króna til atvinnuþróunarverkefna á landsbyggðinni. Þar af hefur Byggðastofnun verið falið að annast úthlutun á 500 milljónum króna.

Í fyrsta áfanga verkefnisins verður 350 milljónum króna varið til kaupa á hlutafé í álitlegum sprotafyrirtækjum og nýsköpunarfyrirtækjum í skýrum vexti.

Hlutafjárkaup geta í einstökum verkefnum orðið að hámarki 50 milljónir króna en þó ekki yfir 30% af heildarhlutafé í hverju verkefni.

Byggðastofnun auglýsir hér með eftir umsóknum um hlutafjárkaup og verður tekið á móti þeim á þremur tímabilum, sem hér segir:

Á tímabilinu **1. maí til 30. júní** á sviði sjávarútvegs og tengdra greina.
Á tímabilinu **1. júní til 31. júlí** á sviði iðnaðar, upplýsingatækni og tengdra greina.
Á tímabilinu **1. júlí til 31. ágúst** á sviði ferðaþjónustu og tengdra greina.

Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar um reglur um úthlutun og meðferð umsókna, ásamt nauðsynlegum fylgigögnum, er að finna á heimasíðu Byggðastofnunar, **www.byggdastofnun.is**

Þeir sem kunna að eiga hjá stofnuninni umsóknir sem þeir telja að geti fallið að verkefninu eru beðnir að endurnýja þær.

Auðrýni, Akureyri

Byggðastofnun · Ártorgi 1 · Sauðárkróki · Sími 455 5400



Mæðradagurinn sunnudaginn 11. maí n.k.

- Fullur kælir af afskornum blómum
- Tilbúnir blómvendir í tilefni dagsins
- Pottablómin streyma í hús - sígræn sem blómstrandi
- Ný sending af Broste vörum
- Ný ilmkertalína á frábæru verði

Hjá okkur borgar þú ekki fyrir vinnuna þegar þú pantar skreytingar, aðeins fyrir blómin sem í hana fara.
(Gildir einnig fyrir jarðarfararskreytingar)

Opið:
10-18 mán. - lau.
13-16 sunnudaga

Blómaturninn
Austurvegi 2, 400 Ísafirði · Sími 456 5297

Penninn kynnir skrifstofustóla og skrifstofutæki í Bókhlöðunni 2. hæð fimmtudaginn 8. maí.

Bókhlaðan
Penninn

## Verknámsdeildir Menntaskólans á Ísafirði fá veglega gjöf

# Tæknibúnaður til kennslu frá Póls hf. og fleiri fyrirtækjum

Tæknifyrirtækið Póls hf. á Ísafirði í samvinnu við fyrirtækin Sindra, KM-stál og Fálkann í Reykjavík hefur gefið verknámsdeildum Menntaskólans á Ísafirði búnað til kennslu í stýritækni. Ólína Þorvarðardóttir skólameistari MÍ tók við gjöfinni ásamt Tryggva Sigtryggssyni, kennara á málmiðnaðarbraut, og Guðmundi Einarssyni, kennara í vélstjórnargreinum. Hákon Þorleifsson framleiðslustjóri hjá Póls segir hugmyndina að gjöfinni hafa kviknað síðasta haust þegar verknámsnemar frá MÍ heimsóttu fyrirtækið og kynntu sér starfsemi þess. „Við fengum hingað góða gesti frá skólanum og vorum að sýna þeim inn í búnaðinn hjá okkur. Þá barst í tal að skólinn ætti takmarkað af tækjum til að kynna þeim stýritækni. Þetta er atriði sem er mjög erfitt að kenna bara á bókina þannig að við vildum reyna að útvega búnað til að vinna með“, segir Hákon.

Birgjar Póls brugðust vel við málaleitaninni og gáfu ýmiskonar búnað en Hákon segir Póls hf. hafa bætt við því sem upp á vantaði. „Við settum upp á handhæga plötu háþrýstiloftskerfi með lokum og tjökkum sem er stýrt af lítilli iðntölvu. Svo eru líka í þessu optískir nemar sem skynja hluti sem fara fyrir þá og við notum í okkar tækjum“, segir Hákon. Guðjón Bjarnason rafvirki hjá Póls sá um að tengja búnaðinn og setja upp á töflu af alkunnri vandvirkni. Hákon segir Póls nota kerfi af þessu tagi t.d. til að opna og loka hólfum á flokkurum. Þá er iðntölvan forrituð til að stýra þrýstiloftstjökkum sem hreyfa afsparksarma flokkaranna. Söluandvirði íhlutanna er um 200 þúsund krónur en auk þess liggja töluverð verðmæti í hönnun og uppsetningu kerfisins.

*Frá afhendingu gjafarinnar: Tryggvi Sigtryggsson, Ólína Þorvarðardóttir, Hákon Þorleifsson og Guðmundur Einarsson. Mynd: Þorsteinn J. Tómasson.*


Aðrir flokkar
hafa kynnt forsætisráðherraefni...
En við kynnum
sjávarútvegsráðherraefni okkar,
Guðjón A. Kristjánsson

Guðjón A. Kristjánsson alþingismaður hefur víðtæka reynslu og mikla þekkingu á sjávarútvegi. Hann var einhver mesta aflakló Vestfjarða um áratuga skeið, formaður skipstjóra- og stýrimannafélagsins Bylgjunnar og forseti Farmanna- og fiskimannasambandsins í 16 ár. Guðjón hefur sett fram skýrar og raunhæfar tillögur um breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu til hagsbóta fyrir alla þjóðina.

FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN

Við störfum heiðarlega, fyrir opnum tjöldum og með hagsmuni almennings að leiðarljósi

FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN
www.xf.is

KOSNINGAMIÐSTÖÐ | AÐALSTRÆTI 11 | ÍSAFJÖRÐUR | SÍMI 456-4300 / 456-4603 / 456-4304





Lestu nýjustu fréttir daglega á www.bb.is

www.nordvesturland.is

## Fyrningarleiðin:

# Veist þú hvað mun gerast?

**1.** Samfylkingin vill setja veiðréttindi á uppboð. Þegar veiðirétturinn hefur verið tekinn af útgerðinni þá er ekkert eftir nema skuldir og verðlítil skip. Þegar svo er komið – hver mun þá hafa fjármagn til að sækja aflaheimildir í opinber uppboð ríkisvaldsins?

**2.** Frjálslyndir eru á móti framsali á veiðiheimildum og vilja taka upp færeysku leiðina. Það er skrýtið. Í Færeyjum er sóknardagakerfi með *framsali* á veiðiheimildum í formi daga. Þar eru dagarnir seldir háu verði og kerfið er alls ekki opnara.

**3.** Frjálslyndir ætla að skilja milli veiða og vinnslu hjá smábátum. Það þýðir að útgerðarmaðurinn yrði neyddur til þess að selja fiskinn á markað í stað þess að fara í föst viðskipti við fiskvinnslu í heimabyggð. Hvar er atvinnufrelsið í því?

**Vinstri stjórn undir forystu Ingibjargar Sólrúnar og með Frjálslynda innanborðs mun aldrei verða farsæl fyrir landsbyggðina.**

xD

*Verk að vinna – áfram Ísland!*

# Fyrningarleiðin mun draga allan prótt úr H-G á skömmum tíma

**– segir Einar Valur Kristjánsson, framkvæmdastjóri Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf., og segir jafnframt hugmyndir formanns Frjálslynda flokksins beina aðför að fyrirtækinu**

**Miklar umræður hafa verið í íslensku samfélagi að undanförnu um fiskveiðistjórnkerfið, kosti þess og galla og aðrar leiðir sem rétt væri að fara. Þar er einkum rætt um svokallaða fyrningarleið. Einar Valur Kristjánsson er framkvæmdastjóri Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf., sem er stærsti einstaki atvinnurekandinn á Vestfjörðum og með starfsemi á Ísafirði, í Hnífsdal og í Súðavík. Fyrirtækið gerir út tvo togara á bolfisk, þrjá rækjutogara og þrjá litla báta á innfjarðarrækju. Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf. er eina vestfirska útgerðarfyrirtækið sem skráð er á Verðbréfaþingi Íslands.**

„Ef þeir stjórnmálaflokkar komast til valda í komandi Alþingiskosningum sem hafa fyrningarleiðina svonefndu á stefnuskrá sinni og þeirri stefnu verður hrint í framkvæmd, þá mun það leiða til þess að afkoma íslenskra útgerðarfyrirtækja verður sett í uppnám. Afleiðingarnar verða miklar fyrir starfsfólk fyrirtækjanna, hluthafana og byggðarlögin í landinu“, segir Einar Valur í samtali við blaðið.

## Segir H-G verða hart úti

Einar Valur segir fyrirtækið verða hart úti, verði fyrningarleiðin valin, og segir hann það reyndar gilda um öll vestfirsk útgerðarfyrirtæki og þá ekki síst smábátaútgerðina. Að sögn Einars Vals benda líkur til að H-G gæti staðið fyrningarleiðina lengur af sér en minni fyrirtækin á svæðinu. Áhrifin á fyrirtækið yrðu á endanum hins vegar þau sömu og á önnur fyrirtæki á Vestfjörðum.

Í nýlegri úttekt sem gerð var á afleiðingum fyrningarleiðarinnar á rekstur nokkurra sjávarútvegsfyrirtækja, sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands, kemur í ljós að fyrningarleiðin muni leiða til gríðarlegs taprekstur þeirra og draga allan þrótt úr fyrirtækjunum. Í úttektinni er miðað við meðaltal reksturs áranna 2000 til 2002. Þær forsendur eru gefnar, að verð á endurkeyptri aflahlutdeild verði 700 krónur á kíló og hlutdeildin verði keypt á hverju ári. Greiðslurnar verði síðan gjaldfærðar í rekstri.

Úttektin var miðuð við áhrif fyrningarleiðarinnar á starfsemi fjögurra fyrirtækja. Þau eru Þorbjörn Fiskanes hf., Útgerðarfélag Akureyringa hf., Síldarvinnslan hf. og Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf. Upplýsingar um áhrifin er að finna í meðfylgjandi töflum.

## Milljarðatap samkvæmt tillögum Samfylkingar

„Ef sú leið yrði ofan á að 20% aflaheimilda yrðu fyrnd á ári, þá myndi H-G vera rekið með rúmlega 1.550 milljóna króna tapi árlega í stað þess að skila 313 milljóna króna hagnaði. Ef veiðiheimildir yrðu fyrndar á tíu árum eins og Samfylkingin vill, eða um 10% á ári, yrði árlegt tap fyrirtækisins ríflega 620 milljónir króna. Yrði farin leið sem miðar við 5% árlega fyrningu yrði tap fyrirtækisins tæpar 155 milljónir króna árlega.

Loks má nefna fyrningarleið Frjálslynda flokksins, en í nýlegu Morgunblaðsviðtali gaf Guðjón Arnar Kristjánsson meðal annars til kynna, að til greina kæmi að ríkið leigði út sóknardaga sem skipum hefði áður verið úthlutað í stað veiðiheimilda sem teknar hefðu verið af þeim“, segir Einar Valur.

## Fleira hættulegt en fyrningarleiðin

„Nú fara fram kosningar til Alþingis eftir fáa daga og barátta stjórnmálaflokkanna um atkvæðin er í hámarki. Mér finnst að í þeirri sjávarútvegsumræðu sem Frjálslyndi flokkurinn, Samfylkingin og Vinstri grænir hafa hrundið af stað hafi margt gleymst. Eins og til dæmis það aðalatriði að atvinnugreinin verður að búa við stöðugleika. Þeim virðist þykja allt í lagi að yfirbjóða hver annan í atlögu að sjávarútveginum. Allar eiga tillögur þessara flokka það sammerkt að vera greininni stórskaðlegar. Það er engu líkara en að þetta fólk geri sér ekki grein fyrir því að hér er um undirstöðuatvinnugrein landsmanna að tefla.

Af öllum fiskveiðiþjóðum hér við Norður-Atlantshafið eru Íslendingar eina þjóðin sem ekki býr við ríkisstyrktan sjávarútveg, öfugt við samkeppnisaðilana á markaðnum. Greinin verður að skila hagnaði og fyrirtækin verða að vera öflug og sterk til þess að geta staðið af sér hina hörðu samkeppni sem á sér stað á erlendum mörkuðum.

Allt fikt við þessa atvinnugrein er henni til skaða, að ekki sé talað um ofurskattlagningarhugmyndir stjórnarandstöðuflokkanna með fyrningarleiðinni. Skattlagningaráformin munu einnig leiða til þess að möguleikar fyrirtækisins til að standa að framþróun og nýsköpun, til að mynda í fiskeldi, verða úr sögunni. Og þótt fyrningarleiðin sé í eðli sínu skelfileg, þá eru hugmyndir Frjálslynda flokksins það líka, því þær munu stórskaða þá hagkvæmni sem orðin er til í þessari atvinnugrein“, segir Einar Valur.

## Sóknarstýring Frjálslynda flokksins

„Frjálslyndi flokkurinn vill meðal annars taka upp sóknarstýringu sem snýst um það að veiða sem mest á sem skemmstum tíma“. segir Einar Valur Kristjánsson ennfremur. „Allir nema ef til vill frambjóðendur flokksins vita það að það er miklu óhagkvæmari aðferð til að sækja takmarkaðan sjávarafla en aflamarkskerfi. Sóknarstýringin mun líka leiða til ofveiði og skaða fiskistofnana. Hún mun leiða til minni vöruvöndunar og verði sú leið farin verður nánast ómögulegt að samræma veiðar og vinnslu.

Þá munum við lenda í vandræðum úti á mörkuðunum, bæði vegna gæða og afhendingar, með þeim afleiðingum að við verðum undir í samkeppninni. Sóknarstýring mun heldur ekki stuðla að bættri umgengni um auðlindina og brottkast mun eiga sér stað í einhverjum mæli. Það er aðeins hvatinn að baki brottkastinu sem verður annar en í aflamarkskerfi. Þessi sóknarstýringarhugmynd er því mjög fjandsamleg atvinnugreininni.

En það er ekki bara að hún vegi að fyrirtækjunum sem slíkum. Hinir 250 starfsmenn Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf. munu einnig líða fyrir þessa stefnu, komist hún til framkvæmda. Sóknarstýringin mun ekki auka atvinnuöryggi fólksins.“

## Vilja taka aukninguna í þorski af H-G

„Hugmynd formanns Frjálslynda flokksins um að væntanleg 30.000 tonna aukning í þorski verði afhent línubátunum er einnig bein atlaga að því fyrirtæki sem ég stýri og starfsfólki þess. Gera má ráð fyrir að H-G eigi að fá um 800 tonn af þessum 30.000 tonnum. Guðjón Arnar will svipta fyrirtækið þessum afla.

En það er ekki bara fyrirtækið sem slíkt sem myndi verða af þessum tonnum. Um 60% aflans, eða tæp 500 tonn, yrðu væntanlega veidd af togaranum Páli Pálssyni sem leggur upp aflann vikulega í fiskvinnslunni. Þar er aflinn unninn af starfsfólki hússins sem líka missir spón úr sínum aski. Ég verð að segja það eins og er, að fyrirtækið má ekki við frekari skerðingum, því nú er svo komið að ekki er hægt að halda uppi vinnu í fiskvinnslunni samfellt allt árið. Við höfum orðið að loka húsinu í einn mánuð á ári vegna skorts á hráefni, sem er afleiðing þess að það er alltaf verið að klípa af okkur veiðiheimildir til þess að færa á milli kerfa og til að setja í byggðakvóta sem okkur er síðan neitað um eðlilegan skerf af.

Þannig má nefna, að aflaheimildir fyrirtækisins í bolfiski eru nú sóttar af tveimur skipum í stað sjö áður. Síðan þegar það bætist við að formaður stjórnmálaflokks í þessu kjördæmi vill koma í veg fyrir að við fáum eðlilegan hluta af væntanlegri aukningu í þorski, eftir allar þær fórnir sem við höfum fært, þá verður manni nánast orða vant. Ég get ekki kallað þetta annað en fjandskap í garð fyrirtækisins og starfsfólks þess og kaldar kveðjur frá fyrrverandi skipstjóra á Páli Pálssyni til fyrrum samstarfsmanna sinna“, segir Einar Valur.

## Vilja senda Pál Pálsson ÍS í útlegð

„Hugmyndir Frjálslynda flokksins um að gera veiðiheimildirnar upptækar og láta mönnum síðan í té sóknardaga í staðinn er auðvitað einnig stórhættuleg. Hvað verður t.d. um Pál Pálsson? Það er ekki annað að sjá af málflutningi Frjálslyndra en að veiðiheimildirnar verði teknar af togaranum og hann sendur langt út



Lestu nýjustu fréttir daglega á www.bb.is

## Áhrif fyrningarleiðar 20%

| | ÞF | ÚA | SVN | HG |
|---|---|---|---|---|
| | | | | |
| Veiðiheimildir 1.sept., 2002 | 20.602 | 21.434 | 12.102 | 13.354 |
| Framlegð meðaltal. | 1.075.666 | 1.365.666 | 1.087.666 | 832.333 |
| Árleg afskrift endurkeypt 20% | 2.884.280 | 3.000.760 | 1.694.280 | 1.869.560 |
| Endurreiknuð framlegð | -1.808.614 | -1.635.094 | -606.614 | -1.037.227 |
| | | | | |
| Hagn.regl.starfs.f.sk meðaltal | 453.000 | 253.000 | 277.000 | 313.000 |
| Endurreiknaður hagnaður | -2.431.280 | -2.747.760 | -1.417.280 | -1.556.560 |
| | | | | |
| Veltufé frá rekstri meðaltal | 819.000 | 1.039.667 | 409.000 | 642.333 |
| Endurreiknað veltufé | -2.065.280 | -1.961.093 | -1.285.280 | -1.227.227 |

## Áhrif fyrningarleiðar 10%

| | ÞF | ÚA | SVN | HG |
|---|---|---|---|---|
| | | | | |
| Veiðiheimildir 1.sept., 2002. | 20.602 | 21.434 | 12.102 | 13.354 |
| Framlegð meðaltal | 1.075.666 | 1.356.666 | 1.087.666 | 832.333 |
| Árleg afskrift endurkeypt 10% | 1.442.140 | 1.500.380 | 847.140 | 934.780 |
| Endurreiknuð framlegð | -366.474 | -143.714 | 240.526 | -102.447 |
| | | | | |
| Hagn.regl.starfs.f.sk meðaltal | 453.000 | 253.000 | 277.000 | 313.000 |
| Endurreiknaður hagnaður | -989.140 | -1.247.380 | -570.140 | -621.780 |
| | | | | |
| Veltufé frá rekstri meðaltal | 819.000 | 1.039.667 | 409.000 | 642.333 |
| Endurreiknað veltufé | -623.140 | -460.713 | -438.140 | -292.447 |

## Áhrif fyrningarleiðar 5%

| | ÞF | ÚA | SVN | HG |
|---|---|---|---|---|
| | | | | |
| Veiðiheimildir | 20.602 | 21.434 | 12.102 | 13.354 |
| Framlegð meðaltal | 1.075.666 | 1.356.666 | 1.087.666 | 832.333 |
| Árleg afskrift endurkeypt 5% | 721.070 | 750.190 | 423.570 | 467.390 |
| Endurreiknuð framlegð | 354.596 | 606.476 | 664.096 | 364.943 |
| | | | | |
| Hagn.regl.starfs.f.sk meðaltal | 453.000 | 253.000 | 277.000 | 313.000 |
| Endurreiknaður hagnaður | -268.070 | -497.190 | -146.570 | -154.390 |
| | | | | |
| Veltufé frá rekstri meðaltal | 819.000 | 1.039.667 | 409.000 | 642.333 |
| Endurreiknað veltufé | 97.930 | 289.477 | -14.570 | 174.943 |

á haf til veiða, út fyrir tiltekna línu sem enginn veit reyndar hver er. Látið hefur verið í það skína að togarar eins og hann verði sendur út fyrir 50 mílurnar, sem er mjög ósanngjarnt, því skipið er í raun hluti af strandveiðiflotanum og hefur verið það síðastliðin 30 ár. Allan þann tíma hefur skipið aflað hráefnis fyrir landvinnsluna.

Verði skipið rekið á haf út mun það setja veiðar þess í uppnám og einnig kjör áhafnarinnar. Mest af afla skipsins fæst innan við þá línu. Það er því engu líkara en að formaður Frjálslynda flokksins hér í kjördæminu vilji senda eitt helsta atvinnutækið á svæðinu í útlegð“, segir Einar Valur.

### Vitleysan um „færeyska kerfið“

„Eitt helsta baráttumál sitt, það er um sóknarstýringu og svæðalokanir, kallar Frjálslyndi flokkurinn að hann vilji taka upp „færeyska fiskveiðistjórnunarkerfið“. Þeir láta í það skína að veiðum þar sé stjórnað með gjörólíkum hætti en hér á landi.

Það er nú enn ein bábiljan. Hið rétta er að í Færeyjum er veiðunum stjórnað bæði með aflamarki og sóknarmarki. Færeyingar beita lokunum og friðun veiðisvæða ásamt veiðarfærastýringu. Þar er kerfið lokað eins og hér og þeir menn sem vilja stunda fiskveiðar þurfa að kaupa bát með veiðileyfi og sóknardaga eins og á Íslandi. Sóknardagarnir eru bæði framseljanlegir innan ársins á leigu eða að fullu, alveg eins og kvótinn hér á landi.

Hið eina sem er frábrugðið í Færeyjum er sóknarstýringin sem tekur til hluta flotans. Á Íslandi eru sóknardagar í hluta smábátakerfisins.

Hér við land eru stór svæði lokuð fyrir veiðum skipa af ákveðinni stærð og veiðar með tilteknum veiðarfærum part úr ári eða það allt. Þetta er eins í Færeyjum. Þetta hefur verið tíðkað á Íslandsmiðum áratugum saman. Friðun svæða á hrygningartíma hefur lengi verið stunduð hér. Allt þetta tal um „færeyska kerfið“ er því tóm vitleysa.

Það er alveg á hreinu, að ef tillögur Frjálslynda flokksins í þessum málum koma til framkvæmda, þá mun arðsemi í greininni stórminnka. Lífskjörin munu versna og byggðirnar líða fyrir það. Stefna Frjálslyndra mun einnig hafa mjög slæmar afleiðingar fyrir sjávarútveginn í landinu og þá einkum fyrir landsbyggðina“, segir Einar Valur Kristjánsson.

# Stefna Frjálslynda flokksins hrein aðför að smábátunum

**– segir Guðmundur Einarsson, útgerðarmaður og skipstjóri í Bolungarvík, sem telur einnig að fyrningarleiðin myndi leggja sjávarútveginn í rúst**

„Ef stefnum Samfylkingarinnar, Frjálslynda flokksins eða Vinstri grænna í sjávarútvegsmálum verður komið í framkvæmd hér á landi eftir komandi Alþingiskosningar mun það setja allt í uppnám og kippa grundvellinum undir rekstri smábátaútgerðarinnar í Bolungarvík“, segir Guðmundur Einarsson, skipstjóri og útgerðarmaður í Útgerðarfélaginu Ósi ehf. í Bolungarvík.

Útgerðarfélagið Ós gerir út þrjá krókaaflamarksbáta, Guðmund Einarsson ÍS-155, Hrólf Einarsson ÍS-255 og Einar Hálfdáns ÍS-11.

*Guðmundur Einarsson um borð í bát sínum ásamt dóttur sinni Tinnu Björg.* *Ljósm: JÞE.*

### Einn af burðarásunum í Bolungarvík

Hjá Útgerðarfélaginu Ósi ehf. starfa 30-35 manns. Það er hið stærsta í Bolungarvík í smábátakerfinu en aflaheimildirnar sem fyrirtækið á eru um 715 þorskígildistonn. Þannig er Ós einn af burðarásum atvinnulífs í Bolungarvík. Alls eru aflaheimildir í krókakerfinu í Bolungarvík rúmlega 2.500 þorskígildistonn og því skiptir það þessa atvinnugrein og byggðarlagið allt gríðarlega miklu máli hvernig mál þróast að loknum kosningum.

Guðmundur kveðst hafa áhyggjur af framvindu mála. Hann segir furðulegt að horfa upp á það að margir þeirra sem hafa selt sig út úr smábátakerfinu, oft með verulegum hagnaði, skuli nú ganga um göturnar hnarreistir með merki Frjálslynda flokksins í barminum. Líklega sjái þeir möguleika í því að komast aftur inn í kerfið ef Frjálslyndir ná stefnumálum sínum fram í kosningunum. Þeir geti þannig endurtekið leikinn. Þetta telur Guðmundur ekki til þess fallið að auka traust á flokknum, frambjóðendum eða fylgismönnum hans.

### Fyrningarleiðin endalok smábátanna

Guðmundur segir að hugmyndir flokkanna um að gera aflaheimildir útgerðanna upptækar um 5-10% á ári, eins og hann kallar það, og selja þær síðan aftur á uppboði, muni eyðileggja smábátaútgerðina ekki síður en útgerð stærri skipanna. Þessi aðferð muni leggja fyrirtækin í rúst og stefna atvinnu starfsfólksins í voða.

Meginuppistaðan í þeim rúmlega 2.500 þorskígildistonnum sem smábátaútgerðin í Bolungarvík hefur nú aflaheimildir fyrir er þorskur eða 1.258 tonn, ýsan er 1.016 tonn, steinbítur 237 tonn en minna af ufsa, löngu, keilu og karfa. Guðmundur Einarsson hefur reiknað út þann kostnað sem 5-10% fyrning aflaheimilda myndi hafa á afkomu þessara fyrirtækja. Hann segir þær tölur geigvænlegar og telur líklegast að útgerðum bátanna yrði bráður bani búinn ef fyrningarleiðin verður farin.

Ef miðað er við líklegt verð á fyrndri aflahlutdeild í krókaaflamarkskerfinu og gert ráð fyrir sama verði og spáð er í stóra kerfinu, má samkvæmt útreikningum Guðmundar gera ráð fyrir að árlegur kostnaður vegna endurkaupa á árlegri 10% fyrningu verði rúmar 170 milljónir króna hjá útgerðum smábáta í Bolungarvík. Það er um 47% af áætluðu aflaverðmæti bátanna.

„Það sér hver heilvita maður að þetta getur aldrei gengið. Þessar tillögur Samfylkingarinnar myndu gera út af við þessa atvinnugrein í einu vetfangi“, segir Guðmundur og bætir því við að jafnvel þótt miðað sé við 5% fyrningu Vinstri grænna, þá myndi niðurstaðan verða hin sama. „Þar yrðu greiðslurnar tæpar 90 milljónir króna á hverju ári. Það hlýtur að vera öllum ljóst að það er gríðarleg upphæð samanborið við að áætlaður hagnaður greinarinnar í bænum nemur aðeins fáum milljónum króna árlega. Það er augljóst hvernig fara myndi. Þessar tillögur myndu leiða til glötunar“, segir Guðmundur Einarsson.

### Byrjaði á núlli

„Tillögur Frjálslynda flokksins eru ekki síður hættulegar okkur sem í þessari grein störfum en tillögur Samfylkingarinnar og Vinstri grænna. Ég fæ ekki betur séð en að stefna Frjálslynda flokksins sé hrein aðför að smábátunum. Bæði er það að Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslyndra, hefur lýst því yfir að fyrna eigi veiðiheimildirnar. Hann leggur líka til að veiðar á smábátum verði gefnar frjálsar. Tvær rúllur á hvern mann um borð, segir hann, væntanlega til að ganga í augun á þeim sem eru búnir að selja sig út úr kerfinu og búnir að eyða gróðanum af þeirri sölu og vilja nú komast inn aftur.“

Guðmundur segir að verði smábátakerfið opnað eins og Frjálslyndi flokkurinn vill, með því að leyfa frjálsar veiðar með tveimur rúllum á mann um borð í hverri trillu, þá muni það kippa grundvellinum algerlega undan krókaaflamarkinu og einnig sóknardagabátunum.

„Ég byrjaði á núlli og hef keypt mínar veiðiheimildir alla tíð. Ég hef leigt til mín heimildir en aldrei leigt frá mér svo mikið sem eitt kíló. Hvað verður um þessa fjárfestingu hjá mér og öðrum í sambærilegri stöðu ef Frjálslyndir ná sínu fram? Þetta myndi gera aflaheimildir fyrirtækisins verðlausar í einu vetfangi. Hvað eru

# Látum rödd Vestfirðinga heyrast á Alþingi!

Það skiptir okkur Vestfirðinga miklu máli að við höfum áfram öhrifamikla fulltrúa á Alþingi. Nýleg samþykkt um sérstaka línuvilnun til dagróðrarbátanna sýnir þetta mjög skýrt.

Tryggjum að þingflokkur sjálfstæðismanna verði áfram öflugur málsvari fólks á Vestfjörðum.




*Verk að vinna – áfram Ísland!*

Lestu nýjustu fréttir daglega á www.bb.is

# Stefna Frjálslynda flokksins hrein aðför að smábátunum

– framhald af bls. 7

þessir menn að hugsa?“ spyr Guðmundur.

### Ekki trúverðugur málflutningur

„Það á svo ekki að koma neinum á óvart þótt þessi og aðrar tillögur Frjálslynda flokksins séu illa ígrundaðar. Nýlega kom það upp að þeir rugluðu saman hugtökum í skattaumræðunni og reiknuðu líka vitlaust út hver kostnaðurinn af tillögum þeirra til skattalækkana yrði. Þar munaði litlum tólf þúsund milljónum króna. Þeir kipptu sér ekki upp við það og sögðust standa við tillögurnar, sama hvað þær kostuðu.

Þetta er ekki trúverðugur málflutningur“, segir Guðmundur Einarsson, „allra síst ef menn vilja láta taka mark á sér. Því miður virðist hið sama vera uppi í tillögum þeirra í sjávarútvegsmálum, eins og þessi vitlausa tillaga um frjálsu veiðarnar er gott dæmi um.“

### Vilja opna kerfið „aftan frá“

„Það er ekki nóg með að Frjálslyndir vilji gefa færaveiðarnar frjálsar. Þeir vilja líka taka veiðiheimildirnar af okkur og láta okkur fá sóknardaga í staðinn. Við eigum sem sagt að greiða fyrir sóknardaga okkar með kvótanum á meðan aðrir fá að róa fyrir ekki neitt. Enginn veit heldur hvað sóknardagarnir sem við fengjum yrðu margir.

Ég á erfitt með að sjá grundvöllinn fyrir því að hafa fólk í vinnu í landi við beitningar upp á þau býti að við fáum að róa einhverja daga á ári. Því er ósvarað hvernig ég á að standa undir þeim fjárfestingum og skuldbindingum sem ég hef ráðist í til að byggja upp fyrirtækið og veita starfsfólki mínu atvinnu“, segir Guðmundur.

„Með því að „opna kerfið neðan frá“ eins og Addi Kitta Guj kallar það, þá er hann í raun að leggja til að kerfið verði opnað aftan frá. Það er verið að opna leið inn í það bakdyramegin. Þannig munu fjölmargir bátar bætast í flotann. Á meðan munum við sem fyrir erum í kerfinu þurfa að sjá Frjálslynda flokkinn taka af okkur veiðiheimildirnar sem við höfum keypt dýru verði og skammta okkur sóknardaga í staðinn.

Hvers eigum við að gjalda? Þessi tillaga Frjálslyndra mun bæði leiða til mismununar innan smábátakerfisins og líka til beinnar eignaupptöku hjá okkur sem þar erum.“

### Skelfilegar afleiðingar fyrir sóknardagabátana

„Sóknardagabátar í smábátakerfinu mega sækja sjó í 21 dag á ári eins og við vitum. Við vitum líka að það hefur verið fjárfest fyrir háar fjárhæðir í því kerfi síðustu árin. Margir bátanna eru orðnir miklu betri og öflugri tæki en áður var, enda hefur vel gengið hjá þeim mörgum. Aflabrögð hafa oft verið með ágætum. Menn hafa líka fjárfest í sóknardögum, keypt þá af öðrum og sameinað á einn bát til að styrkja grundvöll útgerðarinnar. Þessir dagar eru ekki ókeypis.

Ég sé ekki betur en að eigendur sóknardagabátanna fari ekki síður illa út úr tillögum Frjálslyndra en þeir sem eru í krókaaflamarkinu, ef flokkurinn stendur við það loforð sitt að leyfa óhefta sókn allra smábáta. Fjárfestingin í sóknardagakerfinu mun hrynja og afleiðingarnar fyrir eigendur bátanna og fjölskyldur þeirra verða skelfilegar“, segir Guðmundur.

Það er auðheyrt að Guðmundur Einarsson hefur þungar áhyggjur af því sem komið gæti eftir kosningar. Þar gerir hann lítinn greinarmun á því hvort þar yrði um að ræða tillögur Samfylkingar, Vinstri grænna eða Frjálslyndra. „Allar eiga tillögur og hugmyndir þessara flokka það sammerkt að vera fjandsamlegar sjávarútveginum, þótt með mismunandi hætti sé. Framtíð sjávarútvegsins á Íslandi verður vægast sagt dökk ef hugmyndir þessara stjórnmálaflokka verða ofan á í komandi kosningum“, segir Guðmundur Einarsson, skipstjóri og útgerðarmaður í Bolungarvík.

## Vel heppnuð hátíðahöld á Ísafirði 1. maí þrátt fyrir norðangarra

# Hæfileg blanda af alvöru og skemmtun

Dagskrá hátíðahalda á verkalýðsdeginum á Ísafirði 1. maí hófst að venju með kröfugöngu. Nokkuð næddi um göngufólk í norðanáttinni en menn í fornfrægum kratabæ létu það ekki á sig fá og hafa sjálfsagt séð það svartara í gegnum tíðina. Gangan endaði við íþróttahúsið á Torfnesi þar sem blásið var til fjölbreytilegrar hátíðar- og menningardagskrár í tilefni dagsins.

Um 450 manns hlýddu á aðalræðumann dagsins, Jónu Benediktsdóttur kennara, en Herdís Hübner kollegi hennar flutti einnig pistil og þóttu þær beittar í málflutningi sínum. Skemmtiatriði voru ekki af lakara tagi og sérstaklega þóttu þeir feðgar Ólafur Kjartan Sigurðarson óperusöngvari og Sigurður Rúnar Jónsson (Diddi fiðla) fara á kostum ásamt undirleikaranum Tómasi Guðna Eggertssyni. Björk Jakobsdóttir leikkona sem slegið hefur í gegn með leiksýningunni Sellófani sló á létta strengi í tilefni dagsins og náði vel til áhorfenda. Hitti túlkun hennar á önnum köfnum útivinnandi húsmæðrum landsins beint í mark.

*Sr. Karl V. Matthíasson, Össur Skarphéðinsson og Bryndís Friðgeirsdóttir voru á meðal þeirra sem tóku þátt í 1.maí göngunni á Ísafirði.*

Tæpast er hægt að halda verkalýðsdaginn hátíðlegan án lúðrasveitar sem kom frá Tónlistarskóla Ísafjarðar að þessu sinni og lék undir stjórn Madis Maekalle. Annar glæsilegur flokkur tónlistarnemenda kom fram en það var strengjasveit Tónlistarskólans sem leikið hefur við góðan orðstír undir stjórn Janusz Frach undanfarin ár.

Sigurður Pétursson sagnfræðingur á Ísafirði bætti við dagskrána og flutti aldarminningu Hannibals Valdimarssonar. Vel var gert við börnin í tilefni dagsins og bauð Verkalýðsfélagið Baldur þeim upp á sælgæti og gos.




**Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður skrifar**

# Með félagshyggjuna að vopni

Framsóknarflokkurinn er félagshyggjuflokkur sem byggir á grundvelli samvinnu og jafnaðar. Í samræmi við það er lögð áhersla á að dreifa væntanlegum efnahagsávinningi þjóðarbúsins þannig að efnaminni fái meira en hinir. Efnahagsávinningi sem er tilkominn vegna stefnu í atvinnumálum. Vegna þess að búið er að ná samningum um uppbyggingu álvera á Austurlandi og í Hvalfirði munu verða til nýjar tekjur í þjóðarbúinu. Af þeim fær ríkissjóður sinn hluta og það eru þær tekjur sem nú er boðað að notaðar verði til þess að bæta hag almennings.

Eftirfarandi tíu atriði lýsa vel félagshyggjunni í stefnu Framsóknarflokksins:

1. Hækka á persónuafslátt en ekki einblínt á lækkun skattprósentu. Það færir lágtekjufólki meiri hlut í skattalækkuninni en annars væri.
2. Samræmi verði milli skattleysismarka og bóta almannatryggingaþannig að bætur almannatryggingaverði skattfrjálsar.
3. Atvinnuleysisbætur verði hækkaðar strax og stefnt að því að þær verði ekki lægri en lægstu launataxtar.
4. Grunnlífeyrir öryrkja hækki miðað við aldur og verði mest tvöfalt hærri hjá þeim sem fara á bætur 18 ára.
5. Skerðingarmörkum á atvinnutekjum öryrkja verði breytt til þess að auka sjálfsbjargargetu einstaklinganna með vinnuhvetjandi kerfi.
6. Lán Íbúðalánasjóðs til almennra íbúðakaupa hækki og verði allt að 90% af kaupverði íbúðar eða byggingarkostnaði hóflegs húsnæðis.

***Kristinn H. Gunnarsson.***

7. Fjármagn til barnabóta hækki um a.m.k. 50% og og tekjumörk verði hækkuð.
8. Leikskólagjöld verði frádráttarbær frá tekjuskattsstofni foreldra.
9. Síðasta ár leikskóla verði skólaskylda og þá falli leikskólagjöld niður. Ríkissjóður tekur að sér að greiða kostnaðinn.
10. Foreldrum verði gert kleift að nýta sér ónýttan persónuafslátt barna 16-18 ára.

Þessar tilllögur miða að því að bæta kjör láglaunafólks til sjávar og sveita og fjölskyldufólks. Þetta eru boðorðin 10 fyrir okkur sem vinnum með félagshyggjuna að vopni. Það er mikilvægt að halda henni vel á lofti um þessar mundir þegar sérhyggja, græðgi og óbilgirni eru mjög áberandi í þjóðlífinu. Hófsemin og samhjálpin eru betri förunautar.

*– Kristinn H. Gunnarsson.*

**Birna Lárusdót**

# Af hverju Sjál

Stefnuskrár stjórnmálaflokkanna eru keimlíkar í mörgum málum og hljóma vel af vörum margra ágætis frambjóðenda. Markmið allra er aukin velferð fyrir sem flesta. En ef þetta er nú að miklu leyti sami grautur í sömu skál, og erfitt að gera upp á milli málefnanna, eftir hverju fer maður þá í kosningunum á laugardaginn? Jú, þetta snýst fyrst og síðast um aðferðafræði við stjórn mála. Hvaða grundvallarlögmál stjórnunar virka best fyrir flesta?

Það eru aðallega tvær tegundir aðferða sem við höfum reynslu af og hafa þær verið kenndar við hægri og vinstri stefnur. Segja má að seinasta öld hafi að stórum hluta farið í að prufukeyra þessar aðferðir hlið við hlið og niðurstöðurnar tala sínu máli. Hagstjórnaraðferðir hægri stefnunnar hafa í meginráttum gengið upp á meðan hagstjórn undir merkjum vinstri stefnunnar hefur oftar en ekki leitt til niðursveiflu í efnahagslífinu með tilheyrandi óstöðugleika og óðaverðbólgu.

Í hverju felst þá sú aðferðafræði sem gefist hefur betur? Hún gengur út á að einstaklingurinn hafi frelsi til athafna og sem flesta valmöguleika sem hann síðan stendur og fellur með. Það er hvatinn til að vinna mikið og vel, sem leiðir til verðmætasköpunar, sem er nauðsynleg til þess að geta haldið uppi þeirri miklu velferð og jöfnuði sem við öll gerum kröfur um og mælt er

# Auglýsing

## frá yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis um framboð við alþingisko

### B-listi Framsóknarflokks:

**1. Magnús Stefánsson,** kt. 011060-3319, alþingismaður, Engihlíð 8, Ólafsvík.
**2. Kristinn H. Gunnarsson,** kt. 190852-7769, alþingismaður, Holtabrún 16, Bolungarvík.
**3. Herdís Á. Sæmundardóttir,** kt. 300754-4309, framhaldsskólakennari, Eyrartúni 8, Sauðárkróki.
**4. Eydís Líndal Finnbogadóttir,** kt. 290871-3289, jarðfræðingur, Presthúsabraut 21, Akranesi.
**5. Ingi Björn Árnason,** kt. 310381-3579, framhaldsskólanemi, Marbæli, Varmahlíð, Skagafirði.
**6. Albertína Elíasdóttir,** kt. 170280-4319, háskólanemi, Fagraholti 2, Ísafirði.
**7. Valgarður Hilmarsson,** kt. 290847-4869, bóndi og forseti bæjarstjórnar, Fremstagili, Blönduósbæ.
**8. Kolfinna Jóhannesdóttir,** kt. 211067-3579, framkvæmdastjóri, Norðtungu, Borgarbyggð.
**9. Guðbrandur Sverrisson,** kt. 200746-2289, bóndi og formaður Félags sauðfjárbænda, Bassastöðum, Kaldrananeshreppi.
**10. Elín R. Líndal,** kt. 240556-4569, bóndi og formaður byggðaráðs, Lækjamóti, Húnaþingi vestra.
**11. Anna Jensdóttir,** kt. 181253-5099, kennari, Sigtúni 5, Patreksfirði.
**12. Ásdís Helga Bjarnadóttir,** kt. 020269-5539, lektor, Túngötu 21, Hvanneyri, Borgarfjarðarsveit.
**13. Kristján Jóhannsson,** kt. 131045-3449, bifreiðarstjóri, Gunnarsbraut 5, Búðardal.
**14. Bjarni Benediktsson,** kt. 130470-3009, háskólanemi, Túngötu 22, Hvanneyri, Borgarfjarðarsveit.
**15. Birkir Þór Guðmundsson,** kt. 220564-4449, framkvæmdastjóri, Lálandi 5, Reykjavík.
**16. Helgi Pétur Magnússon,** kt. 120284-2319, framhaldsskólanemi, Fjarðarhorni, Bæjarhreppi.
**17. Edda Herborg Kristmundsdóttir,** kt. 070757-5839, heilbrigðisstarfsmaður, Skúlabraut 21, Blönduósi.
**18. Guðbrandur Björgvinsson,** kt. 040455-2999, framkvæmdastjóri, Ægisgötu 8, Stykkishólmi.
**19. Árni Gunnarsson,** kt. 150467-4629, framkvæmdastjóri, Kvistahlíð 11, Sauðárkróki.
**20. Ingibjörg Pálmadóttir,** kt. 180249-2659, fyrrv. ráðherra, Vesturgötu 32a, Akranesi.

### D-listi Sjálfstæðisflokks:

**1. Sturla Böðvarsson,** kt. 231145-3039, samgönguráðherra, Ásklifi 20, Stykkishólmi.
**2. Einar Kristinn Guðfinnsson,** kt. 021255-4679, alþingismaður, Vitastíg 17, Bolungarvík.
**3. Einar Oddur Kristjánsson,** kt. 261242-2579, alþingismaður, Sólbakka, Flateyri.
**4. Guðjón Guðmundsson,** kt. 291042-4309, alþingismaður, Jörundarholti 31, Akranesi.
**5. Adolf Hjörvar Berndsen,** kt. 190159-5909, alþingismaður, Höfða, Skagaströnd.
**6. Jóhanna Erla Pálmadóttir,** kt. 040858-5049, bóndi, Akri, Torfalækjarhreppi.
**7. Birna Lárusdóttir,** kt. 140366-5529, forseti bæjarstjórnar, Urðarvegi 34, Ísafirði.
**8. Katrín María Andrésdóttir,** kt. 281268-5039, svæðisfulltrúi, Hólavegi 34, Sauðárkróki.
**9. Helga Halldórsdóttir,** kt. 020962-7399, forseti bæjarstjórnar, Böðvarsgötu 5, Borgarnesi.
**10. Gauti Jóhannesson,** kt. 110279-5829, læknanemi, Efra-Hreppi, Skorradalshreppi.
**11. Guðný Helga Björnsdóttir,** kt. 210569-4809, bóndi, Bessastöðum, Húnaþingi vestra.
**12. Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir,** kt. 261066-8319, viðskiptafræðingur, Miðtúni 18, Tálknafirði.
**13. Skjöldur Orri Skjaldarson,** kt. 090974-3439, bóndi, Hamraendum, Dalabyggð.
**14. Ásdís Guðmundsdóttir,** kt. 190263-4879, skrifstofumaður, Eyrartúni 9, Sauðárkróki.
**15. Snorri Sigurðsson,** kt. 281168-4289, framkvæmdastjóri, Ásvegi 3, Hvanneyri, Borgarfjarðarsveit.
**16. Jón Stefánsson,** kt. 150448-3019, bóndi, Broddanesi 1, Broddaneshreppi.
**17. Eydís Aðalbjörnsdóttir,** kt. 280666-3869, landfræðingur, Vogabraut 1, Akranesi.
**18. Örvar Már Marteinsson,** kt. 180775-4479, smábátasjómaður, Sandholti 6, Ólafsvík.
**19. Vilhjálmur Árnason,** kt. 291083-4989, nemi, Austurgötu 11, Hofsósi.
**20. Engilbert Ingvarsson,** kt. 280427-4629, bókbindari, Víkurtúni 2, Hólmavík.

### F-listi Frjálslynda flokksins:

**1. Guðjón A. Kristjánsson,** kt. 050744-3459, alþingismaður, Engjavegi 28, Ísafirði.
**2. Sigurjón Þórðarson,** kt. 290664-4119, heilbrigðisfulltrúi, Skagfirðingabraut 13, Sauðárkróki.
**3. Steinunn Kristín Pétursdóttir,** kt. 281273-3969, fulltrúi svæðisvinnumiðlunar, Merkurteigi 10, Akranesi.
**4. Pétur Bjarnason,** kt. 120641-3879, framkvæmdastjóri og varaþingmaður, Ljósheimum 12, Reykjavík.
**5. Kristín Þórisdóttir,** kt. 250555-3269, skrifstofumaður, Aðalstræti 13, Ísafirði.
**6. Páll Jens Reynisson,** kt. 061181-3939, nemi, Hafnardal, Hólmavík.
**7. Sigfús Jónsson,** kt. 031138-2059, fyrrv. bóndi, Smáragrund 6, Hvammstanga.
**8. Hálfdán Kristjánsson,** kt. 060256-2179, sjómaður, Ránargötu 3, Flateyri.
**9. Marteinn G. Karlsson,** kt. 100636-2719, útgerðarmaður, Engihlíð 10, Ólafsvík.
**10. Bryndís Einarsdóttir,** kt. 091252-3339, bankastarfsmaður, Aðalstræti 117, Patreksfirði.
**11. Ásthildur Cesil Þórðardóttir,** kt. 110944-4469, garðyrkjustjóri, Seljalandsvegi 100, Ísafirði.
**12. Helgi Helgason,** kt. 090443-4299, bóndi, Þursstöðum II, Borgarbyggð.
**13. Sigríður Inga Sigurjónsdóttir,** kt. 250768-4789, dýralæknir, Urðarvegi 16, Ísafirði.
**14. Jóhannes Guðmundur Þorbergsson,** kt. 310549-3479, bóndi, Neðra-Núpi, Húnaþingi vestra.
**15. Þorleifur J. Á. Reynisson,** kt. 290971-4389, rafvirki, Kveldúlfsgötu 18, Borgarnesi.
**16. Þorsteinn Sigurjónsson,** kt. 150153-4419, bóndi, Reykjum, Húnaþingi vestra.
**17. Pálmi Sighvats,** kt. 240146-4289, forstöðumaður, Drekahlíð 7, Sauðárkróki.
**18. Vilhelmína Halla Guðmundsdóttir,** kt. 161257-4439, verslunarmaður, Hnífsdalsvegi 1, Ísafirði.
**19. Halldór Hermannsson,** kt. 020134-7399, skipstjóri, Mjógötu 3, Ísafirði.
**20. Matthías Bjarnason,** kt. 150821-4019, fyrrv. ráðherra, Tjaldanesi 5, Garðabæ.



Lestu nýjustu fréttir daglega á www.bb.is

**tir bæjarfulltrúi á Ísafirði skrifar**

# lfstæðisflokkurinn?

fyrir í stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins. Þarna skilur á milli Sjálfstæðisflokksins og annarra flokka sem ennþá boða gamlar vinstri aðferðir í ýmsum myndum við að fóðra velferðarkerfið.

Það eru því öfugmæli að kalla vinstri flokka velferðarflokka. Miðstýringarstefna þeirra og forsjárhyggja dregur allan mátt úr gangverki athafnanna – okkur sjálfum. Þar með dregur úr verðmætasköpuninni og svigrúmið minnkar til framfara í velferðarmálum.

Í mínum huga snýst valið á laugardaginn um aðferðafræði. Hvaða aðferð er heppilegust til að tryggja að Ísland haldi velli og eflist sem velferðarþjóð? Hana verður ekki að finna í vinstra vori því þá er ég hrædd um að það hausti mjög snemma í íslensku efnahagslífi og þá um leið í velferðarkerfinu. Hún felst hvorki í hentistefnu né „á móti öllu“-stefnu. Og ekki leynist hún í einsmálsflokkum – svo mikið er víst.

Það má margt finna athugavert við gjörðir Sjálfstæðisflokksins í gegnum tíðina – enginn flokkur er yfir gagnrýni hafinn. En aðferðafræðin sem felst í grundvallarhugsjón Sjálfstæðisflokksins hefur sannað gildi sitt og á henni byggjum við áfram Ísland.

*– Birna Lárusdóttir,*

***Birna Lárusdóttir.***
*skipar 7. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi.*

Alþingiskosningar 2003

# KJÖRFUNDUR

Kjörfundur vegna Alþingiskosninga þann 10. maí 2003, verður haldinn í fundarsal Ráðhúss Bolungarvíkur að Aðalstræti 12.

Kjörfundur hefst kl. 10:00 árdegis og stendur til kl. 22:00 síðdegis.

Kjörstjórn vekur athygli kjósenda á 79. grein laga um kosningar til Alþingis, en þar segir:

**„Kjósandi skal gera kjörstjórn grein fyrir sér, svo sem með því að segja til sín og framvísa kennivottorði eða nafnskírteini, eða á annan fullnægjandi hátt að mati kjörstjórnar. Ef hann þannig á rétt á að greiða atkvæði samkvæmt kjörskránni afhendir kjörstjórn honum einn kjörseðil.“ (L.24/2000).**

*Bolungarvík, 30. apríl 2003*
*Kjörstjórn í Bolungarvík,*
*Anton Helgason*
*Jóhann Hákonarson*
*Sólrún Geirsdóttir*

***Aðsetur yfirkjörstjórnar á kjördag er í Hótel Borgarnesi. Talning atkvæða fer fram í íþróttahúsinu í Borgarnesi***

# osningar 10. maí 2003

## N-listi Nýs afls:

**1. Hildur Helga Sigurðardóttir,** kt. 080856-7769, blaðamaður, Ásvallagötu 54, Reykjavík.
**2. Líni Hannes Sigurðsson,** kt. 290647-4879, rafvirkjameistari, Aðalstræti 49, Þingeyri.
**3. Árni Gunnarsson,** kt. 090936-2719, rithöfundur, Stórholti 14, Reykjavík.
**4. Kristín Hafsteinsdóttir,** kt. 230251-3479, formaður Meinatæknafélags Íslands, Laufásvegi 10, Reykjavík.
**5. Elín Málmfríður Magnúsdóttir,** kt. 190881-5479, nemi í viðskiptalögfræði, Kirkjubraut 60, Akranesi.
**6. Eyþór Guðmundsson,** kt. 180878-5729, málari, Stórholti 24, Reykjavík.
**7. Kristján Sigurðsson,** kt. 280372-5879, verkamaður, Engihjalla 17, Kópavogi.
**8. Guðjóna Björk Sigurðardóttir,** kt. 210171-2909, viðskiptafræðinemi, Víðihrauni 7, Bifröst, Borgarbyggð.
**9. Rommanee Chaemlek,** kt. 121161-2229, húsmóðir, Aðalgötu 10, Suðureyri.
**10. Sigríður B. Svavarsdóttir,** kt. 131053-2749, nuddari, Öxl II, Sveinsstaðahreppi.
**11. Guðmundur Unnar Agnarsson,** kt. 300646-4099, meinatæknir, Bústað 1 v/Klepp, Reykjavík.
**12. Jakob Aðils,** kt. 140570-4009, landfræðingur, Bólstaðarhlíð 23, Reykjavík.
**13. Brynja Eir Brynjólfsdóttir,** kt. 221073-4959, leikskólastarfsmaður, Dvergabakka 32, Reykjavík.
**14. Sigurjón Jónsson,** kt. 240284-2199, nemi, Lækjasmára 96, Kópavogi.
**15. Guðfinna Eyrún Ingjaldsdóttir,** kt. 070380-4479, nemi í viðskiptalögfræði, Bólstað, Garðabæ.
**16. Einar Friðjónsson,** kt. 130477-5779, sjómaður, Gullsmára 4, Kópavogi.
**17. Kristín Björg Knútsdóttir,** kt. 210368-3969, kennari, Bogahlíð 26, Reykjavík.
**18. Ásta Margrét Benediktsdóttir,** kt. 260276-3879, afgreiðslustúlka, Víðimýri 6, Sauðárkróki.
**19. Birkir Angantýsson,** kt. 050845-5249, múrarameistari, Sæmundargötu 15, Sauðárkróki.
**20. Sigurlaug Bjarnadóttir,** kt. 040726-3499, fyrrv. alþingismaður og menntaskólakennari, Njörva-sundi 15a, Reykjavík.

## S-listi Samfylkingarinnar:

**1. Jóhann Ársælsson,** kt. 071243-3469, alþingismaður, Vesturgötu 59b, Akranesi.
**2. Anna Kristín Gunnarsdóttir,** kt. 060152-4979, framkvæmdastjóri, Ártúni 19, Sauðárkróki.
**3. Gísli S. Einarsson,** kt. 121245-4509, alþingismaður, Esjubraut 27, Akranesi.
**4. Sigríður Ragnarsdóttir,** kt. 311049-3139, skólastjóri, Smiðjugötu 5, Ísafirði.
**5. Eiríkur Jónsson,** kt. 120277-5889, lögmaður, Hjarðarhaga 58, Reykjavík.
**6. Sigurður Pétursson,** kt. 130658-5209, sagnfræðingur, Móholti 5, Ísafirði.
**7. Dóra Líndal Hjartardóttir,** kt. 090853-2019, tónlistarkennari, Vestri-Leirárgörðum 2, Leirár- og Melahreppi.
**8. Jón Marz Eiríksson,** kt. 050780-4149, nemi, Hólatúni 9, Sauðárkróki.
**9. Davíð Sveinsson,** kt. 291056-7099, trésmiður, Silfurgötu 2, Stykkishólmi.
**10. Guðjón Unnar Vilhjálmsson,** kt. 101058-5579, fiskverkandi, Kvíabala 8, Drangsnesi.
**11. Guðrún Konný Pálmadóttir,** kt. 031047-2699, húsmóðir, Lækjarhvammi 9, Búðardal.
**12. Sigurður E. Thoroddsen,** kt. 090171-3219, sjómaður, Bjarkargötu 4, Patreksfirði.
**13. Tinna Magnúsdóttir,** kt. 230781-4199, háskólanemi, Steinnesi, Sveinsstaðahreppi.
**14. Ástríður Andrésdóttir,** kt. 250256-4509, fulltrúi, Heiðargerði 6, Akranesi.
**15. Karl Jóhann Jóhannsson,** kt. 261158-3969, sjómaður, Borgarbraut 9, Grundarfirði.
**16. Margrét Fanney Sigurðardóttir,** kt. 160577-4529, húsmóðir, Aðalstræti 51a, Patreksfirði.
**17. Oddur Sigurðarson,** kt. 200760-3449, rafeindavirki, Norðurbraut 12, Hvammstanga.
**18. Karvel Pálmason,** kt. 130736-2979, fyrrv. alþingismaður, Traðarstíg 12, Bolungarvík.
**19. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir,** kt. 260935-4299, fyrrv. alþingismaður, Mýrartungu 2, Króksfjarðarnesi.
**20. Skúli Alexandersson,** kt. 090926-4389, fyrrv. alþingismaður, Hraunási 1, Hellissandi.

## U-listi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs:

**1. Jón Bjarnason,** kt. 261243-4319, alþingismaður, Hnjúkabyggð 27, Blönduósi.
**2. Árni Steinar Jóhannsson,** kt. 120653-2619, alþingismaður, Esjuvöllum 22, Akranesi.
**3. Lilja Rafney Magnúsdóttir,** kt. 240657-7919, varaforseti Alþýðusambands Vestfjarða, Hjallavegi 31, Suðureyri.
**4. Hildur Traustadóttir,** kt. 160255-5289, landbúnaðarstarfsmaður, Brekku, Borgarfjarðarsveit.
**5. Sigurlaug Kr. Konráðsdóttir,** kt. 050560-3689, leikskólakennari, Jöklatúni 18, Sauðárkróki.
**6. Eva Sigurbjörnsdóttir,** kt. 240450-2089, hótelstýra, Djúpuvík, Árneshreppi.
**7. Ragnar Elbergsson,** kt. 250246-2429, verkamaður, Grundargötu 23, Grundarfirði.
**8. Sigrún B. Valdimarsdóttir,** kt. 161055-3289, ferðaþjónustubóndi, Dæli, Húnaþingi vestra.
**9. Halldóra Játvarðardóttir,** kt. 021042-4639, bóndi, Miðjanesi, Reykhólahreppi.
**10. Gunnlaugur Haraldsson,** kt. 230151-4749, fornleifa- og þjóðháttafræðingur, Jörundarholti 21, Akranesi.
**11. Magnús Jósefsson,** kt. 150553-4909, bóndi, Steinnesi, Sveinsstaðahreppi.
**12. Gunnar Sigurðsson,** kt. 050753-5499, járnsmiður, Hólsvegi 6, Bolungarvík.
**13. Ásmundur Einar Daðason,** kt. 291082-4249, búfræðingur, Lambeyrum, Dalabyggð.
**14. Ísak Sigurjón Bragason,** kt. 300384-3319, framhaldsskólanemi, Borgargerði, Skagafirði.
**15. Már Ólafsson,** kt. 071062-4149, sjómaður, Lækjartúni 5, Hólmavík.
**16. Guðmundur Ingi Guðbrandsson,** kt. 280377-5629, líffræðingur, Brúarlandi 2 á Mýrum, Borgarbyggð.
**17. Guðrún Sigurbjörg Guðmundsdóttir,** kt. 050965-3419, geislafræðingur, Grenihlíð 15, Sauðárkróki.
**18. Gísli Skarphéðinsson,** kt. 110644-7019, skipstjóri, Kjarrholti 5, Ísafirði.
**19. Halldór Brynjúlfsson,** kt. 200643-4379, bifreiðarstjóri, Böðvarsgötu 6, Borgarnesi.
**20. Ragnar Arnalds,** kt. 080738-2269, rithöfundur og fyrrv. alþingismaður, Kleifarvegi 6, Reykjavík.

**Borgarnesi, 29. apríl 2003.**
**Yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis**

# Dr. Árelía frá Ingjaldssandi

**Árelía Eydís Guðmundsdóttir er ein þeirra fjölmörgu sem tilheyra hinu óformlega tengslaneti Vestfirðinga um allan heim. Hún er doktor í vinnumarkaðsfræði og starfar sem dósent við Háskólann í Reykjavík þar sem hún fræðir leiðtogaefni framtíðarinnar um stjórnun. Árelía er ættuð frá Ingjaldssandi en ólst upp í Keflavík. Hún hefur alla tíð haft annan fótinn fyrir vestan og kenndi meðal annars við Héraðsskólann að Núpi í Dýrafirði. Eins tók hún þátt í blómaskeiði vestfirska sjávarútvegssamfélagsins. Þá var hún unglingur í frystihúsinu hjá hinu sögufræga fyrirtæki Einars Guðfinnssonar í Bolungarvík, sem hún tekur gjarna dæmi af í fyrirlestrunum í HR. Tengslunum þarf að halda við og Árelía hefur það fyrir reglu að koma að minnsta kosti einu sinni á ári vestur á firði til að sækja hið sögufræga Sandsball í Félagsheimilinu Vonarlandi á Ingjaldssandi. Að þessu sinni er Árelía stödd á Ísafirði til að flytja fyrirlestur fyrir mikinn kvennablóma á konukvöldi hjá einum af stjórnmálaflokkunum. Hún segist ekki vera flokkspólitísk en býr þó ljóslega yfir sterkum skoðunum á mönnum og málefnum. Viðdvölin á Ísafirði er ekki löng að þessu sinni en engu að síður gefur Árelía sér tíma til að rifja upp stemmningar frá Vestfjörðum níunda áratugarins og segja ofurlítið frá sjálfri sér. Að gömlum íslenskum sið er hún fyrst beðin að gera stuttlega grein fyrir ættum sínum.**

„Langafi minn var Guðmundur Einarsson refaskytta. Um hann hefur verið skrifuð ævisaga sem er mjög merkileg heimild um alþýðumann sem kom frá Borgarnesi og settist hér að, fyrst í Dýrafirðinum en flutti sig síðan að Brekku á Ingjaldssandi. Hann átti þar samtals 21 barn, þar af 17 með langömmu minni sem hét Guðrún Magnúsdóttir.

Eitt af þeirra börnum er Kristján Guðmundsson afi minn. Hann tekur í fyrstu við búi ásamt bróður sínum Ragnari en rekur það síðan sjálfur og giftist ömmu minni, Árelíu Jóhannesdóttur frá Flateyri, dóttur Jónu Ágústu Sigurðardóttur og Jóhannesar Andréssonar. Þau búa síðan á Ingjaldssandi og eignast tólf börn en tíu af þeim komast á legg. Þar á meðal er móðir mín, Eygló Kristjánsdóttir, sem er elst þessara systkina.

Þegar ég fæddist var ég hér vestra fyrstu tvö árin. Þá var mamma að vinna á Núpi í mötuneytinu en faðir minn var þar íþróttakennari. Síðan flyt ég með þeim suður á þriðja ári. Eftir það kom ég alltaf á hverju einasta sumri og stundum á jólum líka. En þegar ég varð 11 ára gerðist ég formlega barnapía hjá móðursystur minni sem bjó í Bolungarvík og var svo öll mín unglingsár á sumrin í Bolungarvík og var að vinna í fiskvinnslunni hjá EG. Var raunar mjög fræg þar í eftirlitinu“, segir Árelía og skellir upp úr.

## Kom fyrir sauðburð og fór eftir réttir

„Ég komst semsagt þarna í eftirlitið eitt sumarið og gerði náttúrlega gömlu konurnar sem voru með áratugareynslu af fiskvinnslu gjörsamlega gráhærðar. Þær sem voru það ekki þegar urðu gráhærðar þá um sumarið. Þarna var ég einhver pjakkur 13 eða 14 ára og var að fara með bakkana aftur til þeirra til að segja þeim að það væru of margir ormar. Síðan fer ég að vinna í verslun EG og komst meira að segja alla leið í vefnaðarvörudeildina. Þannig var ég öll sumur sem unglingar að vinna í Bolungarvík eftir að ég komst á starfshæfan aldur, sem um þetta leyti var tólf ára aldur.“

– Þannig að þú hefur upplifað hina vestfirsku gullöld.

„Já heldur betur. Maður fór í Sjallann áður en aldur leyfði með nafnskírteini frá frænku sinni. Æðsta takmarkið var að komast inn í Sjallann. Héraðsmótin á Núpi voru líka stórviðburðir sem maður missti ekki af. Ég gat reyndar aldrei neitt í íþróttum en ég er mjög stolt af því að ná að keppa þar í frjálsum íþróttum á héraðsmóti. Reyndar keppti ég líka í víðavangshlaupi í Holti og varð síðust. Síðan hef ég viljað meina að það ætti að telja aftan frá í svona keppni. Þá var þetta þannig að það mættu allir krakkarnir í sveitinni á mótin og allir urðu að vera með.

Þegar ég var að alast upp á Ingjaldssandi var búið þar á að minnsta kosti sex bæjum og þar voru á bilinu 20 til 30 krakkar á sumrin. Margir voru þá að koma að sunnan til að fara í sveit. Það var samt ekki mikið um það heima hjá mér, einfaldlega af því að þar var svo mikið af fólki og hreinlega ekki pláss fyrir fleiri. Þar voru alltaf minnst 20 manns í heimili á sumrin.

Þannig fékk maður að taka þátt í þessum vestfirska heimi og fylgdi rytma landbúnaðarsamfélagsins. Kom vestur fyrir sauðburð og var stundum fram yfir réttir á haustin. Þannig er þessi taktur mér að einhverju leyti í blóð borinn.“

## Eintómar landsbyggðartúttur á Bifröst

– Upplifðirðu margar eftirminnilegar skemmtanir á Vonarlandi?

„Fjölmargar. Sérstaklega var mikið um dýrðir þegar Sandsböllin voru haldin. Þetta voru náttúrlega stórviðburðir, og þegar ég var krakki, þá fylgdist ég grannt með og taldi bílana á heiðinni. Svo fékk maður Sinalco eða eitthvert gos og fékk alltaf að fara á staðinn áður en ballið sjálft hófst, sem var mjög spennandi. Ekki var síður spennandi að fylgjast með eftir ball. Og meira að segja tíndi maður upp notað tyggigúmmi – og nýtti það.

Þetta var vissulega mjög sérstök stemmning og er að mörgu leyti ennþá. Núna fer ég alltaf á hverju sumri og reyni að koma í kringum Sandsball. Ástæðan fyrir því er fyrst og fremst sú að fólk sem er frá Ingjaldssandi kemur á þeim tíma og maður vill hitta það.“

– Þú drekkur í þig ungmennafélagsandann á Ingjaldssandi en ert líka með hendurnar á bólakafi í köldu vatni verðbólgusamfélagsins í fiskvinnslunni. Þú hélst síðan í framhaldinu til náms á Samvinnuskólanum á Bifröst?

„Ekki strax því ég byrjaði reyndar í Fjölbrautaskóla Suðurnesja en drepleiddist. Ég fúnkeraði hreinlega ekki í svo miklu frelsi. Var of agalaus sjálf til að fóta mig í svona opnu kerfi. Móðursystir mín, Helga Dóra Kristjánsdóttir, sem býr í Tröð í Önundarfirði, hafði verið á Bifröst nokkrum árum áður þannig að ég hafði



Lestu nýjustu fréttir daglega á www.bb.is

ákveðna fyrirmynd að því. En svo átti líka afskaplega vel við mig að búa við þennan aga og vera í bekkjakerfinu.“

– Má segja að þú leitir frá Suðurnesjum aftur upp í sveit?

„Já, ég gerði það og finnst það merkilegt, að nú þegar ég hef sótt hátt í tíu skóla á framhaldsstigi, þá er Bifröst sá skóli sem hefur kennt mér hvað mest. Félagsmálakennslan þar var til dæmis svo gríðarlega sterk. Á fyrsta árinu vorum við þrisvar í viku að æfa ræðumennsku og svo þurftum við einnig að kunna fundarsköp mjög vel. Þetta er náttúrlega það sem skiptir máli þegar maður er orðinn stór.

Þarna vorum við að vinna að raunhæfum verkefnum eins og farið er að gera í háskólum í dag. Við unnum til dæmis í viku að verkefni þar sem við vorum að búa til markaðsátak í kringum einhverja vöru. Ég útskrifast frá Bifröst árið 1985. Þá var meðal annars farið að kenna þar framkomu í fjölmiðlum þannig að þar var mjög margt á undan sinni samtíð.“

– Var það þessi beina tenging við atvinnulífið og þá við kaupfélögin sem hafði þessi áhrif?

„Skólinn var að breytast mjög mikið á þessum árum þegar ég var þarna en hann var vissulega mjög mikið sniðinn að þörfum landsbyggðarinnar. Þarna var verið að þjálfa fólk til að taka við leiðtogastörfum á landsbyggðinni enda er minn árgangur meira og minna dreifður um landsbyggðina. Þetta voru eintómar landsbyggðartúttur.“

## Nemendurnir með langtum hærri laun

– Síðan snýrðu aftur vestur forframaður menntamaður og gerist kennari við Héraðsskólann að Núpi í Dýrafirði.

„Já, það var mjög skemmtilegt og átti sinn aðdraganda. Ég átti semsagt eftir að klára stúdentsprófið og komst að því að ég hafði ekki áhuga á viðskiptafögum, þó ég sé svo að kenna í viðskiptadeild í dag. Þannig ákvað ég að fara í Kvennaskólann í Reykjavík. En alltaf tengist atburðarásin Vestfjörðum á einhvern hátt. Aðalsteinn Eiríksson var þá skólameistari í Kvennó en faðir hans Eiríkur hafði verið prestur á Núpi. Þannig þekkti Aðalsteinn fjölskylduna og ég gat leitað til hans sem gamals sveitunga. En ég fæ inngöngu í Kvennó og lýk þaðan stúdentsprófi. Þá fer ég að hugsa með mér að mig langi kannski til að gerast kennari. En eftir dvölina á Núpi komst ég að því að ég ætlaði ekki að leggja fyrir mig kennslu.“

– Varstu þá læknuð af kennslubakteríunni á Núpi?

„Nei, það var mjög skemmtilegt að kenna þar en hugurinn stefndi annað. En það var gríðarlega mikil lífsreynsla að vera á Núpi. Þá hafði skólanum reyndar verið lokað í eitt ár. Svo er hann opnaður aftur og þá eru bara teknir inn krakkar að vestan. Ef ég man rétt, þá voru bara tveir krakkar að sunnan. Þetta voru krakkar héðan úr nágrannabyggðunum, mestmegnis frá Flateyri og Þingeyri. Þá var ég tvítug og vissi allt og kunni allt. Krökkunum fannst ég geysimikil menntakona en þau skildu ekkert í því af hverju ég hefði verið að læra þetta allt – þau fengu miklu betri laun í fiskinum en ég í kennslunni.“

## Áttu smokk?

– Það er kannski ekki mjög langt um liðið frá því að þetta var. En getum við ekki sagt að Núpur hafi verið mun afskekktari þá en hann er í dag? Á þessum árum var hvorki búið að byggja Dýrafjarðarbrú né grafa Vestfjarðagöng.

„Þetta var veturinn 1987 til 1988 og maður flaug úr Holti þegar farið var suður og kom til dæmis ekki oft til Ísafjarðar. Þá var það töluvert mál að fara til Ísafjarðar enda heiðin oft teppt og maður gerði úr því helgarreisu með öllu tilheyrandi. Maður upplifði stórborgarháttinn hér á Ísafirði, fór í búðir og Sjallann og drakk í sig allt sem bærinn hafði upp á að bjóða. Þetta var allt töluvert einangraðra og minni samgangur en nú. Þannig fórum við alltaf í búð á Þingeyri sem var heldur ekkert lítið mál.“

– Ég hef heyrt þig segja að þú hafir leitað ráða hjá reyndum kennslufrömuðum á Núpi áður en þú helltir þér út í kennsluna.

„Ég var auðvitað bara tvítug og hafði aldrei kennt áður. Þannig leitaði ég til eldri og reyndari manna um það á hvað ég ætti að leggja áherslu. Þá fékk ég það gullkorn að aðalmálið væri að brosa ekki fyrir áramót, það væri grundvallaratriði í kennslunni.

Þetta var náttúrlega töluvert að takast á við, að vera tvítug að taka á móti krökkum á heimavist sem voru 15 til 18 ára og stútfullir af hormónum eins og gengur. Þetta reyndi ekki bara á kennsluna heldur var ég líka með vistina. Við vorum mjög hörð á því að það væri ekki verið með áfengi eða önnur vímuefni og ég var alveg óskaplega stíf á þeirri reglu.

Eftir á að hyggja, þá hlæ ég að því hvað þau tóku mig alvarlega. Amma var að rifja það upp með mér, að það hafði verið diskótek í gangi og mikil gleði. En tíu mínútum eftir að ég geng inn og horfi yfir salinn eru allir komnir inn á vist.

Þarna kom það sér ágætlega að hafa verið á heimavistinni á Bifröst því þar var það algjörlega á hreinu að menn brutu ekki þessar reglur. Ég bjó að því að maður getur alveg verið á heimavist á þessum aldri án þess að drekka. Ég var búin að berja þetta inn hjá fólki. En einhvern tímann fær einn strákurinn senda flösku og einhvern veginn atvikaðist það að ég finn þetta á mér. En hann var mjög fljótur til, játaði allt saman og skilaði mér flöskunni áður en hún var opnuð.

Ég var líka mjög hörð á kynfræðslunni. Það var alveg á hreinu að engin skyldi verða ólétt á minni vist. Enda lenti ég oftar en einu sinni í því að það var bankað hjá mér um miðja nótt og hvíslað: Áttu smokk?

Þetta var mikil lífsreynsla og ég held að mér hafi tekist ágætlega að halda uppi aga. En svo fór ég líka aðeins að geta brosað eftir áramót.“

## Vestfirðingar bera af!

– Þú hefur kynnst mörgu góðu fólki í kringum Núp.

„Já, Dýrfirðingar eru náttúrlega alveg eðalfólk en við vorum fremur fá í starfsliðinu á Núpi. Skólastjórinn þá hét Kári Jónsson og bjó þarna ásamt konu sinni. Við vorum alveg ferlega ung, mér fannst hann vera orðinn algjör karl en hann var ekki nema 27 ára. Þarna var líka kennari sem var aldrei kallaður annað en Lambi. Hann hafði kennt dönsku í Menntaskólanum á Ísafirði og heitir Jón Einar en er alltaf kallaður Lambi. Það má segja að ég hafi útvegað honum konu. Þannig hittist á að það vantaði starfsmann í mötuneytið og vinkona mín í Reykjavík var atvinnulaus. Hún var reyndar algjört borgarbarn, hafði tæpast komið austur fyrir Ártúnsbrekkuna og fannst fátt meira framandi en að setjast að úti á landi. En ég hringi í Sigurveigu og fæ hana í mötuneytið þar sem þau fella hugi saman.

Þau hafa síðan búið víða um landið. Í dag er hún kona sem getur ekki hugsað sér að búa í höfuðborginni og ég er mjög ánægð með þetta. Við vorum bara þrjú sem kenndum sem bjuggum á Núpi. Að auki kenndu þarna eðaldýrfirðingar eins og Valdi á Mýrum sem kenndi í Núpsskóla um árabil, Sighvatur frá Höfða kenndi þarna líka og fleiri góðir. Þetta var mjög lítið samfélag.“

– En þrátt fyrir að þú upplifir þarna að vera menntuð manneskjan með lægri laun en nemendurnir, þá ákveðstu að halda áfram á langskólabrautinni. Hvað var næst á dagskrá?

„Ég fer að læra stjórnmálafræði í Háskóla Íslands. Og á sama hátt og það var nú móðursystir mín sem hafði gengið á undan mér í Bifröst, þá var það móðurbróðir minn, Jóhannes Kristjánsson, sem hafði troðið slóðina í stjórnmálafræðinni. Þannig er að Svanur Kristjánsson er frá Ísafirði og Ólafur Þ. Harðarson deildarforseti félagsvísindadeildar er ættaður héðan að vestan. Þeir eru báðir prófessorar í stjórnmálafræðinni og það var ákveðið að við þyrftum eiginlega að stofna sérstaka stjórnmálahreyfingu sem væri Flokkur Vestfirðinga. Ástæðan var sú að við vorum algjörlega sannfærð um að helsti lærdómurinn sem mætti draga af stjórnmálafræðinni væri að Vestfirðingar bæru af í pólitík – og almennt.“

## Vestfirðingar takast á við breytingarnar

– Það er samt hægt að ímynda sér að þið séuð nokkuð öndverðir pólar, eða hvað?

„Já – nei nei. Þegar kemur að því að Vestfirðingar eru saman, þá skiptir það ekki máli, heldur þessi kjarni að við viljum náttúrlega aðskilja kjálkann og vera með okkar heimastjórn því hér drýpur smjör af hverju strái.“

Árelía lét ekki þarna staðar numið í náminu heldur hélt í framhaldsnám til Bretlands og lauk meistaraprófi í vinnumarkaðsfræðum frá London School of Economics and Political Science. Þaðan var haldið í doktorsnám við Universtity of Essex þar sem hún byrjaði að skrifa um íslenskan vinnumarkað. Hún flutti rannsóknina heim til Íslands og hlaut doktorsnafnbót fyrst manna frá félagsvísindadeild Háskóla Íslands árið 2001.

– Þú hefur sagt það vera sammannlegt að þola illa breytingar. En íslenskur vinnumarkaður hefur gjörbreyst á síðustu 10 til 15 árum og hérna á Vestfjörðum má jafnvel segja að breytingar hafi verið það eina hægt hafi verið að stóla á.

„Fyrir utan þessi þungu áföll sem snjóflóðin bæði á Flateyri og Súðavík voru byggðunum, þá hafa atvinnuhættirnir breyst gríðarlega mikið. Og að horfa á það hvernig þetta hefur breyst er ákaflega merkilegt. Að fylgjast með því hvernig þetta samfélag sem byggðist á sjávarútvegi og landbúnaði hefur verið að fóta sig áfram til að finna eitthvað annað tilverustig. Þekkingarsamfélagið er að verða það umhverfi sem við búum í. Ég held að við getum tekið eflingu fjarnáms og hversu vel Vestfirðingar hafa verið að tileinka sér það sem dæmi um það að Vestfirðingar hafa verið að takast á við þessar breytingar af miklum krafti.

Annað sem mér finnst líka mjög merkilegt er að Vestfirðir eru að verða mjög fjölmenningarlegt samfélag. Kannski fjölmenningarlegasta samfélagið á landinu. Það að fólk sé af öðrum uppruna, með önnur trúarbrögð og hugsanlega af öðrum litarhætti, er að verða hluti af samfélaginu hér og hefur verið að þróast hér í mun lengri tíma en í Reykjavík. Eftir því sem ég best veit, þá virðist þetta hafa tekist mjög vel. Ég held að það hafi ekki orðið neinir alvarlegir árekstrar. Þetta sýnir að þó að okkur sé illa við breytingar en tökumst samt á við þá staðreynd að við þurfum að upplifa þær, þá er það til góðs.“

– Breytingar hafa átt sér stað með reglulegum hætti í atvinnusögunni. Ef við lítum til baka, þá hefur fólk oft gengið í gegnum einhverja sársaukafulla aðlögun en síðan hefur komið stöðugleika-

tímabil þar til næsta orsök breytinga hefur komið fram. Er það orðið svo að ekkert hlé verði lengur á breytingunum heldur séu þær viðvarandi?

„Já, það er engin spurning að það eina sem við getum fest hendur á hvað varðar atvinnuhætti er að breytingarnar verða enn hraðari. Við þurfum ekki annað en að líta til fiskvinnslunnar og hvernig hún hefur þróast með sameiningum og tilflutningi á kvóta. Fyrirtæki hafa breyst og mörg eru ekki til lengur.

Þessari þróun verður ekki snúið við eða ástandið fært í það horf sem það var hjá fyrirtækjum eins og EG í Bolungarvík sem spannaði marga áratugi og var í rauninni stöðugleikinn í samfélaginu. Nú í dag getum við frekar sagt að menntastofnanirnar séu þessir máttarstólpar stöðugleikans. Eins og hérna á Ísafirði þar sem Menntaskólinn er mjög fjölmennur vinnustaður og þar slær hjarta bæjarins að mörgu leyti.

Þegar ég var í Bolungarvík, þá sló hjartað í þessum máttarstólpa sem EG var. Margir urðu til að gagnrýna EG og þá fjölskyldu, sem er kannski einkennandi fyrir samfélag þar sem einhver vill verða ráðandi. En ég held að margir hafi gert sér grein fyrir því eftir á, að þessi máttarstólpi var byggðarlagið. Sú hugsun verður kannski ekki uppi aftur. Fjölskyldufyrirtækin eru að breytast að því leyti til að þau eru ekki sjálft byggðarlagið með sama hætti.“

## Geysimikið af tækifærum

– Nú hefurðu sterkar rætur hérna fyrir vestan og fjallar um stjórnun og vinnumarkað í afar framsækinni viðskiptadeild. Hvernig sérðu fyrir þér framtíð Vestfjarða og byggðanna í landinu?

„Í mínum huga finnst mér sérstök byggðastefna ekki eiga rétt á sér því að við erum einungis 280 þúsund manns í þessu landi. Við erum svo óskaplega fá, þannig að hvert og eitt okkar vegur svo þungt. Ég er stundum spurð af hverju ég hafi valið að búa á Íslandi. Stundum hef ég sagt að það sé betra að vera stór fiskur í lítilli tjörn en lítill fiskur í stórri tjörn.

Mér finnst að Vestfirðingar eigi að horfa á það þannig að þeir séu stoltir af sínu vali. Hér eru ákveðin lífsgæði sem þú finnur ekki endilega á suðvesturhorninu eða annars staðar. Hér er mjög gott að búa og ala upp börn, að ég tali nú ekki um hvað er gott að eiga hér rætur. Ég held að allir sem kjósa að setjast hér að búi við ákveðin lífsgæði sem þeir eru mjög meðvitaðir um. Hér er hægt að afla sér menntunar, hér er hægt að finna störf við allra hæfi. Ef þau eru ekki fyrir hendi, þá er hægt að skapa þau. Hér er greinilega geysimikið af tækifærum.

Hér hefur náðst stórkostlegur árangur í unglingamenningu. VáVest-hópurinn hefur unnið hér mikið starf í forvörnum. Skólarnir hérna hafa náð gríðarmiklum árangri. Þegar ég var að kenna á Núpi, þá stóðu vestfirsku skólarnir sig mjög illa samanborið við landið í heild. Nú standa þeir sig mjög vel í samanburði við aðra. Hér hefur í raun verið unnið gríðarlegt átak í þessum málum og fólki ber að klappa sér á axlirnar fyrir það.

Í mínum huga eiga Vestfirðir nákvæmlega eins bjarta framtíð og önnur byggðarlög á Íslandi. Þetta snýst um að maður velji að búa hér en sé ekki bundinn og horfa kostina við að búa hér“, sagði Árelía sem heldur áfram að fræða leiðtogaefni framtíðarinnar um stjórnun og vinnumarkað. Á milli þess sem hún vökvar ræturnar með tíðum samskiptum við Vestfirðinga og pílagrímsferðum að Vonarlandi á Ingjaldssandi.

# Sælkerar vikunnar

## eru Sigríður Ragnarsdóttir og Jónas Tómasson

# Kjúklingabringur með grænmeti

Það er sannarlega komin vorstemmning í bæinn. Af því tilefni ætlum við að bjóða upp á létta vor- eða sumarmáltíð, sem kostar litla fyrirhöfn. Í forrétt verður íslenskt tilbrigði af frægum suður-amerískum rétti, ceviche, þar sem fiskurinn er hrár og látinn hlaupa í sítrónusafa. Í aðalrétt eru kjúklingur og grænmeti upp á kínversku en eftirrétturinn er ættaður frá Bandaríkjunum.

### Ceviche

500 g roðflett og beinlaus smálúðuflök, skorin í 2x2 cm bita

**Kryddlögur**
safi úr 2-3 sítrónum
1 msk sjávarsalt
1 msk sykur

**Grænmetissósan**
4-6 tómatar, smátt saxaðir (best að hreinsa fræin úr)
1 stór gul paprika, smátt söxuð
10-20 ólífur (svartar eða grænar að vild)
4 msk jómfrúrolía
2 msk hvítvínsedik
5-10 dropar Tabasco-sósa
og/eða 1 chiliávöxtur, saxaður
1 tsk oregano
2 msk fersk steinselja, smátt söxuð

Blandið saman sítrónu, salti og sykri,setjið fiskinn út í og látið liggja í sólarhring. Snúið bitunum við og við. Blandið öllu saman sem á að fara í grænmetissósuna, færið fiskinn upp úr kryddleginum og hrærið saman við. Gott er að bragðbæta með nokkrum skeiðum af kryddlegi eftir smekk. Má gjarnan bíða í nokkra klukkutíma í ísskáp fyrir framreðslu. Borið fram með ristuðu brauði og smjöri.

### Kjúklingabringurnar

800-1000 g úrbeinaðar kjúklingabringur, skornar í strimla

**Kryddlögur**
4-5 msk kínversk sojasósa
4-5 msk hrísgrjónaedik
2 msk olía
nokkur hvítlauksrif, kramin
2-3 cm bútur af engiferrót, rifinn
olía til steikingar
1 peli rjómi

Allt hrært vel saman og látið bíða í nokkrar klukkustundir. Fært upp með gataspaða og snöggsteikt upp úr olíu á mjög heitri pönnu. Hellið síðan kryddleginum yfir eftir smekk og síðan pela af rjóma. Látið malla við vægan hita meðan grænmetið er steikt á annarri pönnu.

**Grænmetið**
1 poki kínversk wokblanda (frá Fresh Quality)
olía og smjör til steikingar

Grænmetið er snöggsteikt á mjög heitri pönnu í 1 mínútu. Einnig er gott að hafa basmati-grjón eða kínverskar núðlur með þessum rétti. Þennan rétt þarf að borða um leið og grænmetið er tilbúið.

### Amerískt sítrónupæ

**Deig**
150 g smjör
3 dl hveiti
3-4 msk kalt vatn

**Fylling**
4 eggjarauður
4 msk maísenamjöl
1½ dl vatn
2 dl sykur
rifið hýði af einni sitrónu
2 msk sítrónusafi
2 tsk smjör

### Marengs

4 eggjahvítur
1 dl sykur (rúmlega)
2 tsk sítrónusafi

Smjörið er saxað saman við hveitið, vatninu bætt í og hnoðað jafnt. Látið bíða á köldum stað. Flatt út og tertumót (22 cm) klætt að innan með deiginu. Pikkað í botninn og ræma úr álpappír lögð með kantinum. Bakað við 275°C í 10 mínútur. Vatn, sykur og maísenamjöl er þeytt saman og soðið þar til það þykknar. Látið í heitt vatnsbað og eggjarauðurnar þeyttar saman við. Sítrónubörkur rifinn út í og safa og smjöri bætt út í. Þeytt jafnt og látið kólna. Kreminu smurt á kökubotninn. Eggjahvíturnar stífþeyttar og sykrinum hellt smátt og smátt út í. Þeytt áfram um stund. Sítrónusafanum dreypt yfir. Marengsinum smurt yfir kremið í mótinu og bakað við 175°C í 8-10 mínútur. Borið fram kalt.

*Okkur langar að skora á ung hjón sem eru tiltölulega nýflutt í bæinn, Ingibjörgu Jónsdóttur og Axel Jóhannsson. Þau hafa víða farið og kynnst fjölbreyttri matargerð.*

# Maður vikunnar

## Siginn fiskur og skata með mörfloti best

**Nafn:** Jón Arnar Gestsson.
**Fædd/-ur, hvar og hvenær:** Á Suðureyri 26. apríl 1968 kl. 06:10.
**Atvinna:** Markaðsstjóri hjá Snerpu.
**Fjölskylda:** Eiginkonan heitir Hildur Eiðsdóttir og við eigum þrjár dætur, Kristínu Ósk, Arndísi Dögg og Laufeyju Huldu.
**Helstu áhugamál:** Ferðalög á jeppanum.
**Bifreið:** Izusu, double Cab árg. 1992.
**Hvernig bíl vildir þú helst eiga?** Izusu, double Cab árg. 2003.
**Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst lítill?** Sjómaður og var það í átta ár.
**Uppáhalds matur?** Siginn fiskur og kæst skata með mörfloti.
**Versti matur sem þú hefur smakkað?** Einhver súpa sem ég fékk um daginn, veit ekki hvað hún heitir eða er gerð úr (eitthvað fiskisúpudæmi).
**Uppáhalds drykkur?** Vatn.
**Uppáhalds tónlist?** Írafár.
**Uppáhalds íþróttamaður eða félag?** Stefnir á Suðureyri.
**Uppáhalds sjónvarpsefni?** Fréttir og ýmiskonar framhaldsþættir.
**Uppáhalds vefsíðan?** www.baggalutur.is
**Besta kvikmynd sem þú hefur séð?** James Bond eru skemmtilegustu myndirnar.
**Fallegasti staður hérlendis?** Trékyllisvíkin.
**Fallegasti staður erlendis?** Dalur sem liggur á milli Moskvu og St. Pétursborgar. Veit ekki hvað hann heitir. Og Vestmannaeyjar.
**Ertu hjátrúarfull(ur)?** Nei.
**Uppáhalds heimilistækið?** Útigrillið.
**Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir?** Ferðast um ófærur og elta rollur (smala).
**Hvað fer mest í taugarnar á þér og hvers vegna?** Baktal og gróusögur. Það er engum til góðs, allra síst þeim sem segir frá.
**Hvað gerir þú til að láta þér líða vel?** Alls ekki neitt.
**Áttu þér leyndan draum sem þú ætlar að láta rætast?** Já, innan 5 ára.
**Hvað er það neyðarlegasta sem þú hefur lent í?** Fyrsta skiptið sem ég fór á hestbak, það var hræðilega neyðarlegt.
**Ef þú værir bæjarstjóri í einn dag, hverju myndir þú breyta?** Skrifa undir samning um lagfæringar á Félagsheimili Súgfirðinga.
**Lífsmottó?** Hafa gaman af lífinu.

## Ísafjörður

# Ölvunarakstur og fleiri brot

Aðfaranótt sunnudags var maður tekinn grunaður um ölvun við akstur á Ísafirði.Auk þess var hann með útrunnin ökuréttindi. Einn ökumaður var kærður í liðinni viku fyrir að tala í farsíma án handfrjáls búnaðar. Hann má búast við 5.000 króna sekt en handfrjáls búnaður kostar ekki nema lítinn hluta af sektarfjárhæðinni. Afskipti voru höfð af ökumanni og einum farþega þar sem þeir voru ekki með öryggisbelti spennt. Þrír ökumenn voru kærðir fyrir að vera ekki með ökuskírteini meðferðis.

Átta ökumenn voru teknir fyrir of hraðan akstur á Ísafirði og í nánasta nágrenni í liðinni viku. Lögreglan hefur verið að leggja enn ríkari áherslu á eftirlit með hraða í umdæminu enda alþekkt að með hækkandi sól hafi ökumenn tilhneigingu til að auka hraðann.

Tilkynnt var um tvö umferðaróhöpp til lögreglunnar á Ísafirði í liðinni viku. Annað varð á Suðurgötu en hitt varð í Breiðadal í Önundarfirði.


## Íbúð til sölu

*Til sölu er íbúð nr. 401 á Hlíf II á Ísafirði. Upplýsingar gefur Magni í símum 456 5313 eða 456 3212.*

## Íbúð til leigu

*Til leigu er 2ja-3ja herb. íbúð á jarðhæð á dvalarheimili aldraðra að Hlíf II á Ísafirði. Íbúðin er laus.*

*Allar nánari upplýsingar gefur Tryggvi Guðmundsson í síma 456 3244.*


ÍSAFJARÐARBÆR

**17. JÚNÍ 2003**

Menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar auglýsir hér með eftir skemmti- og/eða sýningaratriðum við hátíðarhöldin á þjóðhátíðardaginn 17. júní nk. í Ísafjarðarbæ. Aðalhátíðarhöldin fara fram á Ísafirði, á Silfurtorgi eða á túninu við Gamla sjúkrahúsið. Gert er ráð fyrir barna- og fjölskylduskemmtun á sviði, tónleikum, leiktækjum og ýmsum uppákomum.

Umsóknum um flutning atriða og aðrar uppákomur og viðburði á að skila á skrifstofu Ísafjarðarbæjar að Hafnarstræti 1 á Ísafirði, merkt: „Menningarmálanefnd 17. júní 2003.“

Umsóknir berist í síðasta lagi föstudaginn 16. maí nk.

*Menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar.*



Lestu nýjustu fréttir daglega á www.bb.is

## Skjólskógar á Vestfjörðum

# Bakslag vegna skertra fjárveitinga

Í ársskýrslu Skjólskóga, landshlutabundins skógræktarverkefnis fyrir Vestfirði, segir að nokkurt bakslag hafi komið í verkefnið þar sem fjárveitingar hafi ekki fylgt áætlunum landbúnaðarráðuneytis um vöxt verkefnisins frá árinu 1999. Fjárveiting til Skjólskóga var 17 milljónir á árinu 2001 og 30 milljónir á árinu 2001. Samkvæmt fyrri áætlunum hafði verið gert ráð fyrir 45 milljón króna framlagi fyrir árið 2002 en framlagið varð einungis 32,3 milljónir króna.

Sæmundur Kr. Þorvaldsson, framkvæmdastjóri Skjólskóga, segir að við þessu hafi verið brugðist með því að skera niður kostnað sem mest mátti. Ekki hafi þó verið hjá því komist að auka gróðursetningar verulega þar sem í gangi hafi verið bindandi samningar um plöntukaup.

Sæmundur segir eðli málsins að undirbúa þurfi framkvæmdir langt fram í tímann, einkum hvað varðar framleiðslu á skógarplöntum sem taki 2 til 3 ár. „Það hefur mikil vinna farið í að koma þeirri staðreynd á framfæri við fjárveitingavaldið, að verkefnin geta á engan hátt búið við að vita ekki fyrr en um miðjan desember ár hvert hvaða upphæðir verða til ráðstöfunar árið eftir.“

*Sæmundur Kr. Þorvaldsson.*

Þrátt fyrir þessi vandkvæði eru Skjólskógamenn brattir og segja að tekist hafi að sigla í gegnum árið án mikils halla. „En það er alveg ljóst að alvarlegur afturkippur kom í verkefnið hvað varðar væntingar umsækjenda. Í raun færðust þeir allflestir aftur um að minnsta kosti eitt ár“.

Alls voru gróðursettar 249 þúsund plöntur á vegum Skjólskógaverkefnisins í Ísafjarðarsýslu, Barðastrandarsýslum og Strandasýslu á árinu 2002.


**Frumkvöðlastuðningur**
**- Hefur þú hugmynd? -**

Ert þú ***með viðskiptahugmynd*** sem leitt gæti til nýsköpunar í íslensku atvinnulífi? Ef svo er þá vilja ***Impra nýsköpunarmiðstöð*** og ***Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins*** vekja athygli á ***Frumkvöðla- og handleiðslustyrkjum***.

**Tilgangur verkefnisins er:**
- Að draga fram í dagsljósið efnilegar viðskiptahugmyndir sem fela í sér nýsköpun og aðstoða hugmyndasmiðinn við að hrinda þeim í framkvæmd
- Að hvetja til nýsköpunar í íslensku atvinnulífi
- Að stuðla að faglegri vinnslu viðskiptahugmynda með arðsemi og kröfur markaðarins að leiðarljósi

**Við leitum að verkefnum á sviði:**
- Nýnæmisathugana
- Einkaleyfisumsókna
- Viðskiptaáætlana
- Hönnunarverndar
- Hagkvæmnisathugana
- Þróunar og prófana

**Skilmálar og umsóknarfrestur:**
Stuðningur við frumkvöðul getur numið allt að ***400 þús. kr.*** gegn jafnháu framlagi styrkþega. Umsóknum skal skilað fyrir ***12. maí 2003***.

Nánari upplýsingar má finna á ***www.impra.is*** eða hjá ***Arnheiði Jóhannsdóttur s: 462 1700***, og ***Herði Baldvinssyni s: 570 7100***.

NÝSKÖPUNARSJÓÐUR

impra nýsköpunarmiðstöð
iðntæknistofnun
Glerárgötu 34 4h.
600 Akureyri
Sími 462 1780
Netfang: arnheidurj@iti.is


## Krabbameinsfélagið Sigurvon

# Merki til minningar um Hermann Skúlason

Hallvarður Aspelund, arkitekt og hönnuður á Ísafirði, hefur hannað merki fyrir Krabbameinsfélagið Sigurvon á norðanverðum Vestfjörðum. Merkið gefur hann félaginu til minningar um tengdaföður sinn, Hermann heitinn Skúlason, sem lengi var skipstjóri á Júlíusi Geirmundssyni ÍS 270 og síðan hafnastjóri í Ísafjarðarbæ. Hermann lést á góðum aldri vegna krabbameins sumarið 2001.

Krabbameinsfélagið Sigurvon var stofnað skömmu eftir andlát Hermanns eða síðla árs 2001. Helsti frumkvöðull að stofnun félagsins var Sigurður (Bíi) Ólafsson, sem nú er formaður þess. Starfsmaður Sigurvonar er Gylfi Þór Gíslason.

*Hermann Skúlason.*

*Merkið sem Hallvarður Aspelund hannaði.*

## Norðvesturkjördæmi

# Öll atkvæðin talin í Borgarnesi

Ekkert kjördæmanna sex á landinu hyggst nýta sér heimild í kosningalögum til að telja á fleiri en einum stað. Í Norðvesturkjördæmi sem nær frá Akraneskaupstað til Akrahrepps er 21.221 kjósandi á kjörskrá. Talning fer fram á Hótel Borgarnesi.

Að sögn Gísla Kjartanssonar, formanns yfirkjörstjórnar NV-kjördæmis, verður framkvæmd talningar með svipuðu sniði og verið hefur, nema atkvæði frá Vestfjörðum verða flutt með flugi. Kjördeildir eru 62, nokkru færri en í síðustu kosningum.

## Námsmaður styrktur til verkefnis hjá 3X-Stáli

# Rannsókn á örverum í fiskikörum

Nýsköpunarsjóður námsmanna hefur veitt 3X-Stáli á Ísafirði styrk til að ráða til starfa í sumar Dóru Hlín Gísladóttur frá Ísafirði sem er nemi í efnaverkfræði við Háskóla Íslands. Viðfangsefni hennar verður að rannsaka örverur í fiskikörum. Rannsóknarverkefnið tekur þrjá mánuði og veitir sjóðurinn styrk til tveggja mánaða en sá þriðji verður kostaður af fyrirtækinu.

Axel Jóhannsson hjá 3X-Stáli segir afar ánægjulegt að umsóknin hafi hlotið brautargengi en hún var unnin í samvinnu Dóru Hlínar og 3X-Stáls. Ætlunin er að rannsaka gerlamyndun í fiskikörum fyrir og eftir þvott.

„Við framleiðum karaþvottavélar og ætlum að rannsaka vísindalega hvernig best er að þrífa kör og hvernig ástand þeirra er með tilliti til örverulífs. Bæði rannsökum við handþvott og vélþvott í okkar vél og öðrum. Þetta skiptir miklu máli því að í Noregi til dæmis er gerð krafa um að körin séu þvegin áður en fiskur er settur í þau aftur“, segir Axel Jóhannsson hjá 3X-Stáli ehf. á Ísafirði.

## Gamla vélsmiðjan á Þingeyri

# Verður gerð að sjálfseignarstofnun

Vélsmiðju Guðmundar J. Sigurðssonar á Þingeyri verður breytt í sjálfseignarstofnun. Stefnt er að því að hefja í sumar framkvæmdir við viðhald og hafa erfingjar smiðjunnar þegar hafist handa við að afla fjármagns til framkvæmdanna.

Smiðjan gamla hefur mikið sögulegt og menningarlegt gildi. Innviðir hennar, vélar og tæki, eru nánast eins og var við stofnun hennar 13. janúar 1913. Vandfundinn mun dýrgripur á borð við þessa smiðju, hvort sem er á Íslandi eða úti í Evrópu.

Leitað hefur verið eftir því við Ísafjarðarbæ, að hann felli niður skatta og önnur gjöld af smiðjunni á þessu ári og styrki verkefnið jafnframt með fjárupphæð sem svari til núvirðis álagðra gjalda á árunum 1995-2002. Af fasteigninni hafa verið greiddir skattar og gjöld allt frá því að Matthías Guðmundsson, sem rak smiðjuna eftir föður sinn, féll frá árið 1995. Þá lagðist rekstur hennar af, að heita má.

## Pétur Bjarnason framkvæmdastjóri skrifar

# Úrillur Kristinn H.

Undanfarið hefur íhaldið endurvakið hræðsluáróðurinn sem beitt var óspart fyrir síðustu kosningar: Að tillögur Frjálslynda flokksins í sjávarútvegsmálum væru hættulegar þeim fáu stórútgerðum sem enn finnast í Norðvesturkjördæminu. Gott ef þær ættu ekki að vera komnar á hausinn strax í haust! Á sama tíma skammast Kristinn H. yfir tillögunum, en á allt annan veg. Hann telur Frjálslynda flokkinn sérstakan vin stórútgerðarinnar og hefur allt á hornum sér.

Kjósandi góður – hvort tveggja er alrangt!

Hið rétta er, að tillögur Frjálslynda flokksins stefna alls ekki að því að rústa útgerð eða fiskvinnslu í landinu, heldur þvert á móti að eflingu þeirra. Við viljum taka skrefin

*Pétur Bjarnason.*

í áföngum og byrja á því sem byggðunum kemur best, efla strandveiðar og vinnslu í landi.

Við munum afmarka stærsta útgerðarflokkinn, þar sem eru frystitogarar og nóta- og flotvörpuveiðiskip, og hindra að hann geti náð til sín frekari heimildum úr öðrum flokkum eða aukið kvóta sinn á kostnað þeirra. Þessi skip veiða m.a. úr sameiginlegum stofnum þjóða í Norður-Atlantshafi og eru því að hluta háðir alþjóðlegum kvótum. Lesa má nánar um þetta á heimasíðu okkar: www.xf.is

Ef einhver hætta steðjar að þeim sem starfa hjá stóru fyrirtækjunum, þá er hún frekar fólgin í því að þau flytji einn góðan veðurdag úr plássinu. Næg eru dæmin, því enn á ný hóta eigendur fyrirtækja að flytja úr héraði ef kvótabraskið verður stoppað. Við í Frjálslynda flokknum vöruðum við því fyrir síðustu kosningar að Básafell á Ísafirði kynni að riða til falls. Það var hlegið að okkur en menn sjá nú hvað varð um Básafell.

Þegar Þorbjörn hf. tók við rekstri í Bolungarvík sagði Matthías Bjarnason í viðtali: „Ég vona bara að Grindvíkingar verði Bolvíkingum góðir.“ Raunin varð önnur eins og menn þekkja. Dæmin eru mýmörg og sorgleg.

Kristinn H. og Magnús Stefánsson leiðtogi hans hafa nú auglýst nýjan óskalista Framsóknarflokks, þar sem eina úrræðið í sjávarútvegsmálum er aukinn byggðakvóti, ölmusustýring stjórnvalda, sem lofa einstaklingum viðbót í kvóta gegn stuðningi við valdhafa.

Fyrir síðustu kosningar sýndi Kristinn þó lit á að lofa kjósendum ýmsu í bæklingi sínum, sem hann dreifði um Vestfirði (og enn er til). Honum gekk samt ekkert að efna loforðin, því Vestfjarðabæklingurinn hefur að líkindum lent í tætaranum hjá Halldóri formanni fljótlega, eða um það leyti sem steinbíturinn var settur í kvóta, þrátt fyrir yfirlýsingar Kristins. Hann ætlaði að stöðva brottkast, skattleggja söluhagnað á kvóta, lækka verð á aflaheimildum og jafna skilyrði sjó- og landvinnslu. Hann vildi líka endurskoða lögin, einkum framsalið. Hann sá enga ástæðu til að setja steinbít í kvóta.

Þessi vilji Kristins, hafi hann raunverulega verið fyrir hendi, hefur nú verið kæfður undir kvótasvuntu framsóknarmaddömunnar, enda er Magnúsi leiðtoga hans ekki gefið um loforð af þessu tagi, hvað þá efndir, því hann blessar kvótann í bak og fyrir hvar sem hann kemur því við.

Þá minnast Vestfirðingar þess að þeir nafnar, K. Guðfinnsson & Oddur, hafa ávallt síðustu viku fyrir kosningar komið með loforð af margvíslegasta tagi, sem þó eiga það sammerkt að efndir hafa orðið litlar eða engar. Nú er að bíða og sjá.

Allar breytingar taka tíma, ekki síst ef breyta þarf lögum. Því er ekki að vænta, að þegar eftir kosningar muni öllu verða umbylt á einni nóttu. Ýmislegt er þó hægt að gera með einfaldri ákvörðun sjávarútvegsráðherra: Það er t.d. hægt að aflétta kvóta á steinbít, ýsu, ufsa og fleiri tegundunum sem ekkert hafa í kvóta að gera. Það eitt gæti munað strandveiðimenn og vinnsluna í landi miklu.

Ágætu kjósendur. Látum ekki hræðsluáróður hafa áhrif á skoðanir ykkar. Ríkisstjórnarflokkarnir hafa brugðist byggðunum og fólkinu á landsbyggðinni. Sendum þeim skýr skilaboð með því að hafna þeim í þessum kosningum.

*– Pétur Bjarnason.*
*Höfundur skipar 4. sætið á lista Frjálslynda flokksins í Norðvesturkjördæmi.*

## Henry Bæringsson á Ísafirði skrifar

# Sérstaða Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, X-U

Það hefur ekki farið hátt nú í kosningabaráttunni, að Vinstrihreyfingin – grænt framboð (X-U) er eina stjórnmálahreyfingin sem nú býður fram til Alþingis sem hefur það á stefnuskrá sinni að breyta utanríkisstefnu Íslands. Beita sér fyrir því að Ísland verði herlaust og vopnlaust land sem standi utan hernaðarbandalaga.

Öll önnur framboð – Sjálfstæðisflokkurinn, Framsóknarflokkurinn, Frjálslyndi flokkurinn og Samfylkingin, telja hagsmunum Íslands í varnarmálum best borgið með varnarsamningi við Bandaríkin og þá sem þar stjórna þ.e. George W. Bush, Donald Rumsfeld og fleiri slíka. Bara þessi afstaða þeirra gerir það að verkum að mér er lífsins ómögulegt að skoða þann möguleika að styðja þessi framboð.

Yfirgangur Bandaríkjamanna gagnvart öðrum þjóðum er þvílíkur að hann verður að stöðva. Lóð okkar Íslendinga á þá vogarskál er mikilvægt þó það sé ekki stórt. Utanríkisstefna okkar þarf að ganga í þá átt að við spornum við fótum gegn útþenslustefnu og tvöfeldni Bandaríkjanna.

*Henrý Bæringsson.*

Bandaríkjamenn hafa nú lýst yfir að þeir hafi náð áfangasigri í Írak. Og er okkur þá ekki boðið að skoða geymslurnar með gereyðingarvopnunum, eiturefnasprengjurnar og kjarnorkuvopnin? Nei, okkur er boðið að líta gullklósett Saddams Husseins og klámmyndasafn sonar hans.

Var þá farið í stríð í Írak til þess að uppræta klámmyndasafn sona Saddams Husseins? Ef svo er, þá er ég hræddur um að margar þjóðir megi fara að vara sig. Nei, það er alltaf að koma betur og betur í ljós, að ástæðan fyrir stríðinu í Írak eru hagsmunir Bandaríkjanna eingöngu. Það er síðari tíma réttlæting að koma þyrfti Saddam Hussein frá vegna villimennsku hans. Það er þó tæplega næg ástæða til þess að leggja út í viðlíka slátrun á saklausu fólki og gert var, því aðrir og verri glæpamenn eru við völd annars staðar. En munurinn er sá, að þeir eru Bandaríkjunum þóknanlegir, samanber ofsóknir Ísraelsmanna á hendur Palestínumönnum.

Nei, gott fólk. Ef þið viljið breytingu í utanríkismálastefnu Íslendinga, þá kjósið þið Vinstrihreyfinguna – grænt framboð. Aðalmál okkar nú er að koma Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki frá völdum á Íslandi. Síðan tæki við stjórn Samfylkingar, Frjálslyndra og Vinstri grænna.

Og það fer eftir því hve styrkur VG verður mikill á kjördag hversu miklu þeir fá breytt í utanríkismálum næstu ríkisstjórnar. En eitt er öruggt: Ríkisstjórn með Vinstrihreyfinguna – grænt framboð innanborðs mun aldrei styðja neinar hernaðaraðgerðir á hendur öðrum þjóðum. Það mun vonandi verða eftir því tekið á alþjóðavettvangi eftir 10. maí, að ný ríkisstjórn er komin til valda á Íslandi.

*– Henry Bæringsson.*

# Kjörfundur í Ísafjarðarbæ vegna alþingiskosninga 10. maí 2003

*Kjörfundur vegna komandi alþingiskosninga fer fram laugardaginn 10. maí 2003. Kjörfundur hefst í öllum kjördeildum kl. 10:00 og lýkur kl. 22:00.*

*Kosið verður í sex kjördeildum á eftirtöldum stöðum:*

***Ísafjörður (1.-3. kjördeild):***

*Kosið verður í Grunnskólanum á Ísafirði. Þar verða þrjár kjördeildir fyrir þá sem búa á Ísafirði, Hnífsdal og Æðey.*

***Suðureyri (4. kjördeild):***

*Kosið verður í Félagsheimilinu á Suðureyri. Þessi kjördeild er fyrir þá er búa í Súgandafirði.*

***Flateyri (5. kjördeild):***

*Kosið verður í Grunnskólanum á Flateyri. Þessi kjördeild er fyrir þá er búa í Önundarfirði.*

***Þingeyri (6. kjördeild):***

*Kosið verður í Félagsheimilinu á Þingeyri. Þessi kjördeild er fyrir þá er búa í Dýrafirði, Arnarfirði og á Ingjaldssandi.*

***Athygli kjósenda er vakin á því að nú verður ekki sérstök kjördeild í Hnífsdal eins og áður hefur verið. Kjósendur í Hnífsdal eiga að kjósa í 3. kjördeild í Grunnskólanum á Ísafirði.***

*Yfirkjörstjórn vekur athygli kjósenda á ákvæði 79. gr. laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis, en þar segir:*

***„Kjósandi skal gera kjörstjórn grein fyrir sér, svo sem með því að segja til sín og framvísa kennivottorði eða nafnskírteini eða á annan fullnægjandi hátt að mati kjörstjórnar. Ef hann þannig á rétt á að greiða atkvæði samkvæmt kjörskránni afhendir kjörstjórn honum einn kjörseðil.“***

*Yfirkjörstjórn Ísafjarðarbæjar hefur á kjördag aðsetur í félagsmiðstöð Grunnskólans á Ísafirði, sími 456 3808.*

*Yfirkjörstjórn Ísafjarðarbæjar*
*Björn Jóhannesson Fylkir Ágústsson Smári Haraldsson*


HEILBRIGÐISSTOFNUNIN ÍSAFJARÐARBÆ

# Komur sérfræðinga til Ísafjarðar

*Augnlæknir verður með móttöku á Ísafirði dagana 12.-16. maí nk.*

*Háls,- nef- og eyrnalæknir verður með móttöku og aðgerðir á Ísafirði dagana 15.-17. maí nk.*

*Tímapantanir eru frá og með fimmtudeginum 8. maí í síma 450 4500, á milli kl. 08:00 og 16:00 alla virka daga.*

*Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ.*

# Málsvarar landsbyggðarinnar

**Bætum kjör láglaunafólks og millitekjuhópa**

**Auðveldum ungu fólki að setjast að á landsbyggðinni**

**Förum leið Vinstri Grænna í sjávarútvegsmálum — það er leið til sátta**

## Traust fólk til forystu!

Átak í samgöngumálum — góðar samgöngur eru lífæðar byggðanna

Jöfnum aðstöðu og samkeppnishæfni byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni

Frekari uppbygging sjálfstæðra menntasetra á landsbyggðinni

***Nú er komið að okkur!***

**Grill og gaman**

fimmtudag 8. maí á kosningaskrifstofunni milli 16 og 19

Arni Steinar Jóhannsson og Lilja Rafney Magnúsdóttir verða á svæðinu og taka á móti gestum

Gerum okkur glaðan dag í byrjun sumar allir velkomnir

Á sjómannadag bjóðum við upp á kosningakaffi á skrifstofunni Hafnarstræti 14

Afstöð á sjómannadag: 456-2033

xU
VINSTRIHREYFINGIN
grænt framboð

Gunnar Þórðarson á Ísafirði skrifar

# Frjálslyndir og kvótakerfið

Oft er því haldið fram í umræðum um sjávarútvegsmál að þjóðin eigi ekki auðlindina. Þetta er lýðskrum og einfalt að sýna fram á það, enda þessar umræður allar til lítils ef svo væri. Þjóðin á auðlindina og hefur rétt á að gera það sem henni þóknast við hana. Hún hefur hins vegar falið útgerðinni nýtingarréttinn á henni. Er það ekki eðlilegt og sjálfsagt? Trúa Vestfirðingar því að málum væri betur komið ef ríkisstjórnin hefði nýtingarréttinn og útdeildi honum (sunnan úr Reykjavík) til þeirra sem henni væru þóknanlegir?

Stefna Frjálslynda flokksins í sjávarútvegsmálum vekur mér ugg í brjósti. Ekki aðeins eru tillögur þeirra illa ígrundaðar heldur eru þær óraunhæfar og til þess fallnar að slá ryki í augu kjósenda.

Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf. er dæmi um fyrirtæki sem færi mjög illa út úr hugmyndum Frjálslyndra, næðu þær fram að ganga. Að vísu má skilja á tillögum þeirra að ekki verði hróflað mikið við veiðum frystitogarans Júlíusar Geirmundssonar (annað en að ekki má færa á hann meiri veiðiheimildir en hann er skráður fyrir í dag), en annað er uppi á teningnum hvað varðar aðra togara útgerðarinnar. Páll Pálsson, Framnesið, Stefnir og Andey verða nokkur skonar utangarðsskip og fá veiðidaga með miklum takmörkunum, þangað til línuskipum myndi fjölga, en þá yrði þeim ýtt út úr kerfinu.

Verði fyrningarleið Frjálslyndra farin, þá verða færðir fjármunir frá Ísafjarðarbæ til ríkisins, bótalaust, fyrir 2,6 milljarða króna á ári næstu fimm árin, miðað við 700 krónur á þorskígildistonn. Það eru samtals um þrjár milljónir króna á hvern íbúa bæjarins. Öflugt og vel rekið fyrirtæki eins og HG verður sett á vonarvöl, og er sjálfsagt þegar í vandræðum vegna þeirrar óvissu sem greinin er sett í með ábyrgðarlausum og lítt ígrunduðum hugmyndum.

Trúir því einhver að hægt sé að færa einhverjum eitthvað í þessu fiskveiðikerfi, án þess að taka það af öðrum? Hvernig í ósköpunum á það að vera hægt? Ef það er ekki hægt, hverjum á þá að fórna? Það er einna helst að skilja að taka eigi allt af ísfisktogurunum og setja yfir á línubáta og trillurnar. Eitt er víst, að togarasjómenn koma til með að lifa við mikið atvinnuóöryggi ef þessar hugmyndir ná fram að ganga.

Tökum dæmi af Páli Pálssyni, en undanfarið hefur verið mikil steinbítsgengd hér rétt fyrir utan og hefur það skapað hásetum um borð hlut upp á rúma milljón á mánuði. Hvað ef tilllögur Frjálslynda flokksins ná fram að ganga?

Í stefnuskrá flokksins segir: „Hér mætti hugsa sér að þessi skip yrðu á ákveðnum svæðum innan lögsögunnar og í ákveðinni fjarlægð frá landi, eða veiddu undir [hlýtur að vera prentvilla] ákveðnu botndýpi.“

Semsagt, ef Frjálslyndir ná sínu fram, þá þarf fulltrúi útgerðarinnar framvegis (meðan ekki hafa bæst við línuveiðiskip í 3. flokkinn og Páll Pálsson verður ennþá með veiðileyfi) að hringja til Reykjavíkur til að fá veiðileyfi fyrir steinbít, því að hann veiðist sannarlega á ákveðnu dýpi

*Gunnar Þórðarson.*

og í ákveðinni fjarlægð frá landi. Og hver verður til svara? Hver hjá ríkinu í Reykjavík á að taka slíkar ákvarðanir? Slík úthlutun myndi að sjálfsögðu byggjast á réttlæti og því vera gerð í mikilli sátt við íbúana. Svona svipað eins og með úthutun byggðakvótans í Ísafjarðarbæ undanfarin misseri.

### Brottkast og færeyska leiðin

Stefnuskráin tæpir líka á brottkasti og kennir þar kvótakerfinu um. Þegar ég var sjómaður á Páli Pálssyni (árin 1977-1981) var okkur ítrekað gert að klæða pokann til að ná smáýsu og henda fiski í verulegum mæli. Ekki var kvótakerfi fyrir að fara í þá daga en skipstjórinn um borð var enginn annar en Guðjón Arnar Kristjánsson og varð hann að viðurkenna athæfið í sjónvarpi á dögunum. Efir að hafa tekið upp í 60 tonna hal í flotroll hrúguðum við fiski á milli dekkið og tróðum honum óísuðum ofan á kassastaflana í lestinni. Allt var þetta þriðja flokks hráefni þegar í land var komið en slíkt er því miður fylgifiskur sóknarkerfis.

Eins og áður er nefnt, þá rennir Frjálslyndi flokkurinn hýru auga til færeysku leiðarinnar. Þeir eru er líka á móti framsali veiðiheimilda. Það skrýtna við þetta allt saman er að færeyska leiðin byggir einmitt á frjálsu framsali svo greinin geti þróast. Meira að segja á milli skipaflokka, en á því eru hömlur hér. Þetta hefur bara farið fram hjá frambjóðendum flokksins. Hins vegar segir í stefnuskrá þeirra að allir íslenskir ríkisborgarar fái leyfi til að róa með tvær handfærarúllur hver, óháð veiðileyfum. Má þá fimm manna fjölskylda róa með tíu rúllur? Hvað með aðra íbúa á hinu Evrópska efnahagssvæði?

Ágætu samborgarar. Hér er um allt of mikilvægt mál að ræða til að þið látið stjórnast af jafn óvönduðum tillögum og hér er lýst, ásamt lýðskrumi og stóryrðum. Kynnið ykkur vel stefnumál þessara manna og þann rökstuðning sem þar liggur að baki. Spyrjið ykkur síðan að því hvort þið treystið þessu fólki fyrir fjöreggi þjóðarinnar sem sjávarútvegurinn er.

Við getum alveg lifað við eðlilega samkeppni í okkar samfélagi og munum ná vopnum okkar ef rétt er á haldið. Ef til vill liggur leiðin þangað í gegnum þekkingu og menntun, sem okkur hefur svo mikið skort hingað til og hefur sá skortur að mínu áliti orðið okkur að fótakefli frekar en kvótinn.

Þegar spilin voru gefin í upphafi kvótakerfis voru fáir staðir á landinu betur settir en Ísafjörður. Hvernig er þá hægt að kenna þessu kerfi um allar okkar ófarir?

*– Gunnar Þórðarson.*

Valdimar Hreiðarsson skrifar

# Rannsóknir á einelti

Nýliðinn vetur hefur verið unnið kerfisbundið að því að greina einelti og vinna gegn því í skólum Ísafjarðarbæjar. Hefur þessi vinna verið undir handarjaðri sérfræðinga í Noregi, sem vinna samkvæmt hugmyndafræði Ulweus-áætlunarinnar. Þessi vinna fór einnig fram í grunnskólanum á Suðureyri. Meðal annars var lögð könnun fyrir nemendur, þar sem reynt er að kortleggja tíðni og umfang eineltis.

*Valdimar Hreiðarsson.*

Niðurstöður könnunarinnar á Suðureyri liggja fyrir, en ekki er hægt að greina frá þeim fyrr en þær hafa verið kynntar foreldrum og nemendum. Auk þessarar vinnu lásu kennarar á kerfisbundinn hátt tiltekna fræðitexta um einelti og komu reglulega saman til að fjalla skipulega um þessa texta og ræða einelti frá ýmsum hliðum, ekki síst með vinnu með nemendur í huga. Þetta varð mjög frjó og gefandi vinna sem skilaði þátttakendum mikilli þekkingu og aukinni innsýn í hugtakið einelti og einkenni þess.

Það sem hér fer á eftir er að sumu leyti í hnotskurn niðurstaða okkar kennaranna við grunnskólann á Suðureyri hvað einelti sé, hverjir standi að því og hvers vegna og hvernig má verjast þessu leiða fyrirbæri í mannlegu samfélagi.

### Hvað er einelti?

Einelti er ofbeldiskennt atferli, andlegt eða líkamlegt, sem einn einstaklingur eða fleiri beita tiltekinn einstakling. Til að ofbeldi geti flokkast undir einelti þarf að vera um endurtekið atferli að ræða, þar sem aftur og aftur er veist að sömu manneskjunni og hún niðurlægð.

Þolandinn getur þar af leiðandi alltaf átt von á því þegar hann hittir ofsækjenda/ofsækjendur sína að þeir muni gera honum skráveifu. Stríðni er líka atferli, sem einstaka sinnum getur tekið á sig ofbeldisfulla mynd, en munurinn á stríðni og einelti er sá að stríðnin er alla jafna einangraður atburður á meðan einelti er endurtekið í allnokkurn tíma og sami einstaklingurinn eða sömu einstaklingarnar teknir fyrir aftur og aftur.

Með einelti er niðurlægir gerandinn fórnarlamb sitt, gerir lítið úr því en upphefur sjálfan sig. Stríðni gengur meira út á það að gera glens og at í fólki og á bak við slíkt geta oft búið jákvæðar tilfinningar eins og væntumþykja.

### Hver eru einkenni eineltis?

Einkenni eineltis eru margvísleg og mikilli hugmyndaauðgi oft beitt hvað það varðar. Hæðnislegar augngotur, að sletta í góm, glotta, að snúa út úr orðum þolandans, og margt fleira allt eru þetta klassísk og kortlögð einkenni eineltis. Stundum er þess gætt að þolandinn sjái ekki hið niðurlægjandi atferli. Oftar mun þess þó gætt að þolandinn sjái hið niðurlægjandi atferli, en þó þannig að látið er líta út fyrir að þolandinn hafi ekki átt að sjá það.

Nakið einelti lýsir sér í öllum þessum atferlisþáttum og einnig að sjálfsögðu í líkamlegu ofbeldi, þegar fautinn telur sig hafa í fullu tré við þolandann. Um allt þetta atferlismynstur má segja, að ekkert er nýtt undir sólinni.

### Hverjir verða fyrir einelti?

Hver sem er getur orðið fyrir einelti, jafnt þeir sem skara fram úr sem þeir er lestina reka og einnig þeir sem fylla hinn stóra hóp meðal-

STAKKUR SKRIFAR

# Kosningar til Alþingis 2003

Nú eru þrír dagar til kosninga og einungis fjórir til þess að úrslit liggja fyrir. Skoðanakannanir hafa sjaldan verið fleiri og forvitnilegri. En svo virðist sem fylgið sé að koma í ljós og Sjálfstæðisflokkur verði sá stærsti og því næst Samfylking, sem á það sameiginlegt með Framsóknarflokki að stefna hraðbyri í átt að kjörfylgi fyrir fjórum árum, sé mark takandi á skoðakönnunum. Síðastnefndi flokkurinn kæmi þá í þriðja sæti og annað hvort Vinstri grænir eða Frjálslyndir þar á eftir, sennilega í þessari röð. Vestfirðingurinn Kristján Pálsson mun vart hafa erindi sem erfiði með sérframboð sitt í Suðurkjördæmi. Hin sömu verða örlög Nýs afls um land allt. Hið dásamlega við lýðræðið er að hverjum sem vill gefst að uppfylltum almennum skilyrðum færi á því að bjóða fram lista til Alþingis og láta reyna á stefnumið sín og málflutning. Það gerði Frjálsyndi flokkurinn fyrir fjórum árum og fékk einn kjördæmakosinn mann á Vestfjörðum og uppbótarmann í Reykjavík. Fróðlegt verður að sjá hvort fylgi hans í skoðanakönnunum skilar sér í kjörkössunum.

Að því hefur verið vikið hér, að kosningabaráttan vorið 2003 hefur um margt verið óvenjuleg. Hún hefur verið persónulegri en um langt skeið. Það lítur út fyrir að talsmenn Samfylkingarinnar telji það vænlegan kost að ráðast persónulega á einstaka stjórnmálamenn, einkum Davíð Oddsson forsætisráðherra og Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra, þótt í minna mæli sé. Margar misfærslur og villur hafa verið leiðréttar í málflutningi talsmanns Samfylkingar á síðustu dögum og vikum. Hann hefur reynst harður baráttumaður fyrir gerbyltingu stjórnkerfis fiskveiða. Hið merkilega er að allir hinir stjónmálaflokkarnir álíta stefnu Samfylkingarinnar varðandi fiskveiðstjórnun varhugaverða og allir andstæðingar Frjálslynda flokksins telja hann eins máls flokk. Mótherjar þessara tveggja telja stefnu flokkanna beggja í sjávarútvegsmálum varhugaverða. Þorsteinn Már Baldvinsson fostjóri Samherja vandar þeim ekki kveðjurnar í viðtali í síðasta helgarbblaði DV og nefnir dæmi af samskiptum sínum við Sverri Hermannsson fyrrum formann Frjálslyndra, ekki með ánægju.

Það gætir óþols stjórnarandstöðuflokkana í garð hvors annars og andstaðan er mikil við ríkisstjórnarflokkana. Samt er það meginmarkmið þeirra að bola ríkisstjórninni frá, en til hvers og hvers konar ríkisstjórn skal þá mynduð? Andúð ræður oftar en ekki miklu um niðurstöðu kosninga, en er afar vont vegarnesti þegar kemur að myndun ríkisstjórnar og hefur gefist illa við landstjórnina. Kjósendur eiga leikinn og ráða einhverju um það hvort núverandi ríkisstjórn fellur, en minnu um það hvað við tekur ef samstöðu þeirra flokka, sem að ríkisstjórn ætla að standa, er ábótavant. Ábyrgð kjósenda er mikil, en eingöngu varðandi þeirra atkvæði. Ábyrgð forystumanna stjórnmálaflokkanna er enn meiri og þeir verða að standa undir henni þegar á hólminn kemur. Kosningarnar á laugardaginn kunna að vera fyrsta skrefið að landstjórn næstu fjögurra ára, en stjórmálamenn eiga leikinn að þeim loknum.

***Stakkur*** hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.



Lestu nýjustu fréttir daglega á www.bb.is

mennskunnar. Hins vegar er ávallt sársaukafullt að verða fyrir einelti og varðar miklu að láta það ekki snerta sjálfsmynd sína og sjálfsvirðingu, því það er það sem fautinn (ofsækjandinn) sækist eftir meðal annars.

### Hverjir leggja aðra í einelti?

Þeir sem leggja aðra í einelti er marglitur hópur einstaklinga. Þeir eru af báðum kynjum og öllum aldri. Þeir koma gjarnan frá brotnum heimilum og eiga að baki sársaukafulla reynslu úr æsku sinni. Öllum er það þó sameiginlegt, að þeir eru andlega og siðferðilega miður sín.

Unglingar sem leggja aðra í einelti eru í mun meiri hættu en aðrir að taka upp tóbaksreykingar, drykkju og fíkniefnanotkun. Þeir eru líklegri til að lenda í kast við lögin og einnig er mun meiri hætta á að þeir lendi í hjónaskilnuðum, jafnvel tveimur eða fleiri. Einnig eru þeir í sérstökum áhættuhóp hvað margs konar slysfarir varðar.

Einnig má nefna hinn þögla hóp, er hjá stendur og verður vitni að eineltinu en gerir ekkert til að stöðva það. Hvatirnar geta verið margar, ótti við að verða sjálfur lagður í einelti, skilningsleysi á mannlegum tilfinningum og dulin gleði yfir því sem er að gerast.

### Hverjar eru hvatirnar að baki einelti?

Þær eru margs konar. Einelti getur átt sér stað af hugsunarleysi, en gjarnan bendir einelti og annað ofbeldiskennt atferli til innibyrgðs sársauka og reiði. Einnig getur það bent til óöryggis. Því hefur verið haldið fram, að einelti sé aðferð bágstaddra einstaklinga til að sölsa undir sig völd og halda þeim. Þess vegna er eineltis helst að vænta í samfélagi þar sem ríkir barátta um áhrif og völd.

Slíkt samfélag einkennist ekki af lýðræðislegum hefðum, heldur fremur af bröttum valdapíramíta, þar sem ríkir sífelld barátta um stöðu og áhrif allt frá neðstu lögum og upp í tindinn. Tilgangurinn með ofbeldinu er einnig og um leið gjarnan sá að þeir, sem ekki verða fyrir eineltinu, verði of skelfdir til að rísa upp þolanda eineltis til varnar til að þeir verði sjálfir ekki fyrir einelti. Þannig verður einelti nokkurs konar hryðjuverkastarfsemi, „terrorismi“.

### Hvað er til ráða gegn einelti?

Einelti þrífst best í skugga þagnar og ótta. Því er best að beina að því ljósi og lofti. Þá gerist það oft að eineltið gufar upp eins og gamall mygluþefur sem víkur fyrir ferskum andvara og sólarljósi. Einnig þarf að huga að samfélagsgerðinni, sbr. hér að neðan.

### Hvað um gerendur eineltis?

Þeir sem fyrir eineltinu standa þurfa að leita hjálpar. Þeir sem að þeim standa, eiga að reyna að koma þeim fyrir sjónir, í hvers konar vanda þeir eiga, og hvetja þá til að vinna uppbyggilega að sínum málum, með eigin líðan, fjölskyldu sinnar og samborgara í huga. Sé samfélagsgerðin þannig, að hún bjóði einelti heim, þarf að vinna meðvitað að því að breyta grundvallarhugsun þeirra sem að samfélaginu standa, þannig að lýðræði, frelsi og vellíðan allra í hópnum sé í fyrirrúmi, en ekki völd, sem fyrr eða síðar verða af mönnum hrifsuð.

Einelti er alvarlegt félagslegt vandamál, sem skapar vanlíðan og dregur úr skilvirkni á öllum sviðum samfélagsins. Miklu varðar að baráttu gegn einelti linni aldrei.

*– Valdimar Hreiðarsson, Suðureyri.*

## Menntaskólinn á Ísafirði heldur kynningu á verknámsgreinum

# „Verknám er góð menntun“

**– segir Ólína Þorvarðardóttir, skólameistari Menntaskólans á Ísafirði**

Kynning á verknámsgreinum Menntaskólans á Ísafirði var haldin í verkmenntahúsi skólans á Torfnesi á sunnudag og voru nemendur og kennarar að störfum hver á sínu sviði. „Hér í verknámshúsinu erum við með einhverja albestu aðstöðu sem fyrirfinnst hérlendis og erum með ákveðin áform um nýtt námsframboð til að opna fyrir enn fleiri möguleika. Í samræmi við endurskoðaða námsskrá verður næsta haust boðið upp á nýtt grunnnám í byggingagreinum“, segir Ólína Þorvarðardóttir skólameistari. Þessi áform velta þó á því að þátttaka verði næg.

*Menntaskólinn á Ísafirði.*

„Þetta nýja nám gefur innsýn í múrverk, málningarvinnu, pípulagnir, trésmíði og sitt lítið af hverju með ákveðnum verkefnum sem nemendur leysa. Þeir geta þá áttað sig á því hverju þeir hafa áhuga á og hvað höfðar til þeirra. Það þarf tvímælalaust að vekja athygli ungmenna á verknámsgreinum því að þetta er gott og hagnýtt nám sem getur nýst til margra hluta. Grunndeild málmiðna getur þannig verið góður grunnur fyrir efnilegan raungreinastúdent sem hyggur á nám í verkfræði, svo að dæmi sé tekið. Á það hefur skort að fólk sjái verklega námið í tengslum við bóknám framhaldsskólanna og háskólanám, og þetta hefur komið niður á viðhorfi fólks til verklegra greina. Möguleikarnir í verklegu námi eru orðnir allt aðrir en þeir voru fyrir einum áratug eða svo“, segir skólameistari.

Við Menntaskólann á Ísafirði eru nú grunndeildir rafiðna, tréiðna og málmiðna auk vélstjórnarnáms 1. og 2. stigs og samningsbundins iðnnáms. Skólameistari segir að fleiri nemendur vanti á verknámsbrautirnar. „Þar erum við að berjast við að halda í horfinu. Aðstaðan í verknáminu er góð og kennslukraftarnir líka, þannig að við höfum allar forsendur til að bjóða öflugt verknám, svo framarlega sem eftirspurnin er fyrir hendi. Við gætum aukið námsframboðið ef við sæjum fram á grundvöll fyrir því og þörf hér heima í héraði. Ef við eigum að geta eflt þessa menntun sem vert væri, þá þarf aðsóknin að vera töluvert meiri en hún er“, segir Ólína Þorvarðardóttir skólameistari.

## Nýjung hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða

# Býður „stöðumatsrýni“ fyrir smærri fyrirtæki

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða býður nú svokallaða stöðumatsrýni fyrir fyrirtæki á svæðinu. Hér er um nýjung að ræða sem byggist á hugmyndafræðinni um lykiltölugreiningu (e. benchmarking). Þar er gerð spurningakönnun og niðurstöður bornar saman við viðmiðunarfyrirtæki í gagnagrunni. Shiran Þórisson hjá AtVest segir þetta hafa verið gert hjá Bókhlöðunni á Ísafirði og þótti takast vel til.

„Þeir sáu nokkra punkta í niðurstöðunum sem þeim fannst áhugavert að taka betur fyrir rekstrinum. Oft hafa stjórnendur fyrirtækjanna tilfinningu fyrir því hvar skórinn kreppi í starfseminni. Í tilviki Bókhlöðunnar staðfesti prófið að nokkru leyti þær hugmyndir manna“, segir Shiran.

Í framhaldi rýninnar er í boði ráðgjöf á grundvelli niðurstaðna hennar. Shiran segir að matið snúist í stuttu máli um dálitla naflaskoðun af hálfu fyrirtækjanna. „Þetta er sérsniðið fyrir lítil fyrirtæki og er sett fram með einföldum hætti en á að veita gott stöðumat“, segir Shiran.

Einn helsti kostur stöðumatsrýninnar er að hún tekur stuttan tíma og er því ekki mjög kostnaðarsöm. Shiran segir að hámarki einn dag fara í könnunina. „Sjálf spurningakönnunin tekur um tvo tíma og úrvinnslan eitthvað svipað. Síðan viljum við gefa okkur góðan tíma í að fara yfir niðurstöðurnar og túlka þær.“

Nánari upplýsingar um stöðumatsrýnina er að finna á heimasíðu Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða.

## Halldór Hermannsson á Ísafirði skrifar

# Breytum með Frjálslyndum

Undanfarnar vikur hefur Frjálslyndi flokkurinn verið að sækja í sig veðrið. Fólk finnur að þarna er flokkur á ferð sem vill endurreisa byggðirnar, bæði til sjávar og sveita, fái hann til þess styrk í komandi kosningum.

Það var þungt áfall fyrir hinar ýmsu strandveiðibyggðir þegar ýsa og steinbítur voru kvótasett í krókaveiðikerfinu haustið 2001. Það hefur komið í ljós eins og vitað var, að útgerð og afli hefur verulega dregist saman, svo nemur um fjórðung á sl. tveimur árum. Þessar aðgerðir stjórnvalda voru óhæfuverk, gerðar til þess að þóknast stórútgerðarmönnum sem eru að verða búnir að sölsa undir sig lungann úr aflaheimildum undir yfirskini einhvers óskilgreinds hagræðis, þar sem jafnræði þegnanna til atvinnuréttinda er fótum troðið.

*Halldór Hermannsson.*

Fyrir fáum árum lét Einar Oddur Kristjánsson alþingismaður þessi orð frá sér fara: „Kvótakerfið á ekki að vera spurning um réttlæti, heldur spurning um hagkvæmni.“ Réttlætinu skal því fleygt fyrir borð – og „áfram Ísland“.

Stefna Frjálslynda flokksins er sóknarstýring strandveiðiflotans, þar sem allur veiddur afli komi á land. Grunnslóðin verði nýtt betur fyrir bátaflotann og liðkað fyrir nýliðun. Við ætlum ekki að leggja stórútgerðina í rúst frekar en neina aðra útgerð. Við sækjum fram með hagsæld byggðanna og landsins alls í huga. Samúð með landbúnaðinum er einnig ofarlega á baugi hjá okkur Frjálslyndum. Við viljum leggja okkar lóð á vogarskálarnar til þess að hífa hann upp í þann sess sem honum ber.

Gefum núverandi ríkisstjórn frí á næsta kjörtímabili. Hún hefur ofmetnast af valdi sínu. Margur maðurinn og konan eru búin að fá nóg í bili. Tökum höndum saman, stjórnarandstöðuflokkarnir, og eflum lýðræðið í landinu.

*– Halldór Hermannsson.*

## Lýður Árnason á Flateyri skrifar

# Spurningin á kjördag

Þrátt fyrir yfirlýsta byggðastefnu núverandi ríkisstjórnar hefur Vestfirðingum fækkað um 1800 í hennar tíð, erum nú 8000. Þó þingmenn kjördæmisins berjist hafa einungis unnist varnarsigrar og ljóst að báðir stjórnarflokkarnir eru gangverk, andstæð þessari byggð. Sama framhald tryggir síðasta Vestfirðinginn á brottu 2020.

Sú ófyrirséða framvinda að yfirstandandi kosningar skuli nú snúast um mál málanna, þ.e.a.s. kvótann, hlýtur að vera fagnaðarefni. Morkin rót kvótakerfisins hefur verið grafin upp og áhöld að henni verði troðið niður aftur. Margir vara þó eindregið við breytingum og telja þær allar til ills. Vestfirðingar ættu þó að líta á fyrirliggjandi staðreyndir. Byggðarlagið hefur farið mjög halloka og ljóst að sú stefna sem rekin hefur verið í sjávarútvegi á þar stærstan þátt.

*Lýður Árnason.*

Spurningin á kjördag er því þessi:

Hafi Vestfirðingar ekki kjark til breytinga loksins þegar tækifærið gefst er þeim ekki viðbjargandi og ættu um aldur og ævi að halda kjafti um allt sem lýtur að stjórn fiskveiða.

*– Lýður Árnason, fyrrverandi yfirlæknir í Önundarfirði.*

Kosningakaffi

á Kaffi Ísafirði Mánagötu 1
á kjördag 10. maí

Allir velkomnir!

KOSNINGAVAKA
á Kaffi Ísafirði um kvöldið

Samfylkingin
XS



Múrkraftur ehf.
Byggingaverktaki

• Múrverk
• Múrklæðningar
• Nýbyggingar
• Flísasala
• Flísalagnir
• Hleðslur
• Háþrýstiþvottur
• Votsandblástur
• Almennt viðhald
• Efnissala

Ætlarðu að mála í sumar?
Nú er rétti tíminn fyrir
HÁÞRÝSTIÞVOTT

Við höfum bætt við þjónustu okkar
STEINSÖGUN og KJARNABORUN

Getum bætt við okkur starfsmönnum
til ýmissa starfa

Vantar þig íbúðarhús?
Erum með tilbúnar teikningar af húsum á Tunguskeiði

Gerum föst verðtilboð
Sími: 861 1442 - Fax: 456 3412
Netfang: hermann@snerpa.is
Múrkraftur ehf.
Byggingaverktaki

*Guðrún Valgeirsdóttir síðasta daginn sinn í Miðfelli hf.*

**Lét af störfum eftir rúman aldarþriðjung í rækjuvinnslu**

# Kominn tími til að leika sér

**– segir Guðrún Valgeirsdóttir, sem vann hjá fimm fyrirtækjum á sama stað**

Guðrún Valgeirsdóttir lét í síðustu viku af störfum hjá rækjuverksmiðjunni Miðfelli hf. á Ísafirði. Hún hafði unnið við rækjuvinnslu þar í sama húsinu hjá fimm mismunandi fyrirtækjum frá árinu 1969 eða liðlega þriðjung aldar. Guðrúnu fannst við hæfi að hætta störfum daginn fyrir 1. maí, hátíðisdag verkalýðsins.

„Hér hefur verið óskaplega gott að starfa öll þessi ár og ég hef aldrei kviðið því að mæta til vinnu. Hér hefur unnið afskaplega gott fólk og léttlynt. Fyrsti verkstjórinn minn hérna var Magnúsína Olsen og ég kann þeim öllum góða söguna“, segir Guðrún. Hún segir miklar breytingar hafa orðið á rækjuvinnslunni frá því hún byrjaði og þær flestar til batnaðar. „Vinnuaðstaðan hérna hefur stórbreyst.“

Fyrstu átta árin sem Guðrún vann hjá rækjuvinnslu O.N. Olsen var einungis unnið á veturna þegar Djúprækjan var sótt. Síðar var farið að veiða úthafsrækju og reka verksmiðjurnar allt árið. Þau sumur starfaði Guðrún sem næturvörður á sumarhóteli Menntaskólans á Ísafirði og síðar sem herbergisþerna.

Guðrún hefur alið önn fyrir átta börnum ásamt eiginmanni sínum, Matthíasi Vilhjálmssyni, sem lést fyrir fjórum árum. „Ég tók fæðingarorlof í fjórtán ár áður en ég fór að vinna í rækjunni“, segir Guðrún.

Hún segir heilsuna hafa verið sitt stóra lán. Hún hafi aldrei misst dag úr vinnu á þessum tíma utan einu sinni þegar Básafell var nýtekið til starfa og hún fótbrotnaði. „Þá var ég frá vinnu í fimm vikur og fannst það afskaplega erfitt. En ég átti sjálfskiptan bíl og gat sem betur fer farið allra minna ferða.“

Fyrstu 22 árin vann Guðrún við rækjubandið en síðustu ár hefur hún séð um þvottahús og kaffistofu Miðfells. Hún kvíðir ekki framtíðinni og segir tíma til kominn að leika sér. „Ég er búin að selja húsið mitt sem ég átti skuldlaust og þarf þess vegna ekki að lifa af bótunum einum saman. Ég væri sennilega hætt hefði ég selt húsið fyrr. En nú leigi ég á Eyrinni og ætla að njóta lífsins“, segir Guðrún.

**Bæjarráð Ísafjarðarbæjar**

# Áheyrnarfulltrúar fá greitt fyrir fundi

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að leggja til við bæjarstjórn, að hún breyti bæjarmálasamþykkt Ísafjarðarbæjar í þá veru að áheyrnarfulltrúar á fundum bæjarráðs fái greitt fyrir fundarsetuna til jafns við bæjarráðsmenn. Lagt er til að greiðslur hefjist frá 1. janúar síðastliðnum. Núverandi áheyrnarfulltrúi í bæjarráði er Magnús Reynir Guðmundsson fyrir hönd Frjálslynda flokksins og vék hann sæti af fundinum við afgreiðsluna.



*Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði.*

Samkvæmt núverandi bæjarmálasamþykkt eru aðalfulltrúar í bæjarráði þrír en stjórnmálaöfl sem ekki eiga þar fulltrúa geta óskað eftir því við ráðið að það heimili setu áheyrnarfulltrúa þeirra sem hafi málfrelsi og tillögurétt. Undanfarin ár mun áheyrnarfulltrúum þeirra stjórnmálaafla sem ekki eiga sæti í bæjarráði hafa verið heimiluð fundarseta en það er ekki algild venja.



Lestu nýjustu fréttir daglega á www.bb.is

Vinna · vöxtur · velferð

Sýnum Kristni
stuðning í verki

Kjósum
Framsóknarflokkinn
laugardaginn 10 maí

XB 2003

www.xb.is

# helgardagbókin

**skemmtanir • fundir • fólk • sjónvarp • veður • íþróttir • fréttir • kirkjustarf**

## smáar

Til sölu eru tveir sófar, ísskápur og eldhúsborð. Selst hvert á kr. 5.000. Erum að Seljalandsvegi 52. Uppl. í síma 849 0113.

Til sölu er ljósgrænn Opel Astra árg. 2000, ekinn 53 þús. km. Geislaspilari og vetrardekk á felgum fylgja. Uppl. í síma 899 0774 eða 894 8836.

Til sölu eru 33" sumardekk á kr. 25 þús. Uppl. gefur Violetta í síma 456 6245.

Ertu tengdur? Þá býðst þér viðskiptatækifæri sem þú ættir að líta á. Áttu draum? Láttu hann þá rætast. Uppl. ís. 690 3170.

Stuðningshópur Krabbameinsfelagsins Sigurvonar heldur fimmtudagsfund 8. maí að Sundatanga á Ísafirði. Kaffi á könnunni!

Til sölu er falleg 2ja herb. íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Frábær staðsetning í efri bænum. Laus í júní. Upplýsingar í síma 861 7860.

Til sölu er Subaru Legacy árg. 97. Skipti á ódýrari bíl möguleg. Uppl. í símum 456 4430 og 862 4430.

Við erum tvær stelpur á 15. ári og okkur vantar sæmilega vel borgaða vinnu. Við tökum að okkur að þrífa, passa börn og sjá um heimilið. Höfum reynslu. Hafið samband við okkur í síma 823 5869 og 849 0127.

Til sölu er Chicco barnavagn og kerra. Vel með farin. Aðeins notuð fyrir eitt barn. Verð kr. 20 þús. Uppl. í s. 456 3654.

Óska eftir að taka á leigu herbergi með aðgangi að baði og eldhúsi frá og með 23. mai. Reyklaus. Reglusemi heitið. Uppl. í síma 695 6058.

Til sölu eru hestar á mismunandi aldri. Uppl. ís. 867 3606.

Gullarmband fannst fyrir utan efnalaugina Albert á Ísafirði þriðjudaginn 29. apríl. Uppl. í síma 456 4670.

Óska eftir 3-4ra herb. íbúð til leigu á Ísafirði. Allt kemur til greina. Uppl. í s. 661 4792.

Til sölu er Pfaff saumavél í skáp sem er í mjög góðu lagi. Selst á mjög góðu verði. Uppl. í síma 456 3797 eftir kl. 16.

Sex mánaða kettlingur óskar eftir góðu heimili. Uppl. í síma 866 4627.

Munið eftir sumarkaffi Grunnvíkingafélagsins á Hótel Ísafirði, 11. maí kl. 15.

Til sölu er 2ja herb. íbúð að Urðarvegi 78. Uppl. í símum 456 3928 og 456 4323.

Til leigu eða sölu er 2ja herb. íbúð á eyrinni á Ísafirði. Uppl. í síma 893 3681.

Par með eitt barn óskar eftir íbúð til leigu á Ísafirði frá og með 1. sept. Uppl. gefur Aldís í s. 481 1303 og 867 7734.

Til sölu er Subaru station, árg. 1989, ekinn 180 þús. km. Upplýsingar í síma 456 7640 og 456 7783.

Til sölu er lítill áburðardreifari að Vicon gerð, lítið notaður. Uppl. í símum 456 7640 eða 456 7783.

## SJÓNVARPIÐ

### Föstudagur 9. maí

**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Pekkóla (17:26)**
**18.30 Einu sinni var...**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kosningar 2003.**
**21.10 Stella kemst á séns.** *(How Stella Got Her Groove Back)* Biómynd frá 1998 um konu frá San Francisco sem fer í frí til Jamaíka og verður ástfangin. *Aðalhlutverk: Angela Bassett, Taye Diggs, Whoopi Goldberg og Regina King.*
**23.20 Þögul ógn.** *(Silent Predators)* Spennumynd frá 1999 um skelfingu sem grípur um sig í smábæ í Kaliforníu þegar skröltormar herja á bæjarbúa. *Aðalhlutverk: Harry Hamlin, Shannon Sturges, Jack Scglia og David Spielberg.*
**00.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### Laugardagur 10. maí

**09.00 Morgunstundin okkar**
**09.02 Mummi bumba (19:65)**
**09.08 Stjarnan hennar Láru (6:13)**
**09.19 Engilbert (12:26)**
**09.30 Albertína ballerína (15:26)**
**09.45 Hæsnakofinn (5:6)**
**10.03 Babar (8:65)**
**10.18 Gulla grallari (29:52)**
**10.45 Viltu læra íslensku? (18:22)**
**11.10 Í einum grænum (1:8)**
**11.40 Læknar á Grænlandi (1:2)**
**12.10 Læknar á Grænlandi (2:2)**
**12.40 Geimskipið Enterprise**
**13.25 Þýski fótboltinn.** Bein útsending frá leik í þýsku úrvalsdeildinni.
**15.20 HM í íshokkí**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Smart spæjari (30:30)**
**18.25 Flugvöllurinn (15:16)**
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.40 Laugardagskvöld með Gísla**
**21.00 Kosningavaka Sjónvarpsins.** Sjónvarpið sendir beint frá öllum talningarstöðum og auk þess verða beinar sendingar frá kosningavökum flokkanna og víðar að eftir því hvernig mál þróast. Í myndverinu stýra þau Elín Hirst og Bogi Ágústsson talnaflóðinu en búist er við fyrstu tölum rétt uppúr klukkan tíu. Dr. Ólafur Þ. Harðarson verður þeim til halds og trausts þegar kemur að því að túlka niðurstöðurnar. Leiðtogar stjórnmálaflokkana munu mæta í sjónvarpssal auk fjölda annarra gesta. Sent út um gervitungl til Norður-Evrópu.
**02.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### Sunnudagur 11. maí

**09.00 Morgunstundin okkar**
**09.01 Disneystundin**
**09.55 Kobbi (9:13)**
**10.07 Úr Stundinni okkar**
**10.15 Franklín (2:13)**
**10.50 Í einum grænum (1:8)**
**11.25 Héðan til eilífðar**
**12.10 Markaregn**
**13.00 Kosningar 2003 - Fréttir.**
**13.50 HM í íshokkí.** Bein útsending frá úrslitaleiknum í Finnlandi.
**16.05 Íslandsmótið í handbolta.** Bein útsending frá leik í úrslitum karla.
**16.50 Táknmálsfréttir**
**17.00 Íslandsmótið í handbolta.** Síðari hálfleikur.
**18.00 Hrefna og Ingvi (3:6)**
**18.06 Óli Alexander fílibomm**
**18.22 Fjallastúlkan Noemi (2:3)**
**18.41 Risabjörninn**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljósið - Kosningar 2003**
**20.40 Nikolaj og Julie (7:8)**
**21.30 Helgarsportið**
**21.55 Minning og þrá.** *(Memory and Desire)* Nýsjálensk bíómynd frá 1997. Nýgift hjón fara í brúðkaupsferðalag en því lýkur snögglega og óvænt með sjálfsvígi mannsins. Unga konan reynir að finna tilgang lífs síns og skilja ákvörðun mannsins en á erfiða daga við það. *Aðalhlutverk: Yuri Kinugawa, Yôko Narahashi, Eugene Nomura og Joel Tobeck.*
**23.20 Kastljósið - Kosningar 2003**
**00.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2

### Föstudagur 9. maí

**06.58 Ísland í bítið**
**09.00 Bold and the Beautiful**
**09.20 Í fínu formi**
**09.35 Oprah Winfrey**
**10.20 Ísland í bítið**
**12.00 Neighbours**
**12.25 Í fínu formi**
**12.40 Reba (16:22)**
**13.00 Fugitive (17:22)**
**13.45 Jag (19:24)**
**14.30 The Agency (2:22)**
**15.15 60 Minutes II.** Framúrskarandi fréttaþáttur sem vitnað er í.
**16.00 Smallville (14:21)**
**16.45 Barnatími Stöðvar 2**
**17.20 Neighbours**
**17.45 Buffy, the Vampire Slaye**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Umræður leiðtoga.** Bein útsending með forystumönnum stjórnmálaflokkanna.
**20.15 Friends (19:24)**
**20.40 Off Centre (4:7)**
**21.10 George Lopez (5:26)** *(Who´s Your daddy)* George hittir gamla frænku sem segir honum það að faðir hans sem móður hans heldur fram að sé látinn, sé í raun enn á lífi. George tekst að draga sannleikann upp úr móður sinni og fer að leita hins rétta Manny Lopez. Angie kaupir lasinn hund af heimilislausum manni.
**21.40 American Idol (21:34)**
**22.45 England Manager.** *(Landsliðsþjálfarinn)* Bresk gamanmynd. Að vera landsliðsþjálfari Englendinga í knattspyrnu er ekki tekið út með sældinni. En nú er svo illa komið fyrir þessa gamla stórveldi að enginn virðist vilja stjórna landsliðinu. Enska knattspyrnusambandið kemur þá öllum á óvart og ræður Mike Bassett í starfið. Hann er ekki ýkja hátt skrifaður í knattspyrnuheiminum og hæpið að hann verði langlífur í starfi. *Aðalhlutverk: Ricky Tomlinson, Amanda Redman, Bradley Walsh, Philip Jackson.*
**00.15 Bowfinger.** Gamanmynd af betri gerðinni. Bobby K. Bowfinger er misheppnaður kvikmyndaframleiðandi í Hollywood. Bobby er staðráðinn í að slá í gegn og leggur allt í sölurnar. Hann býður vinsælasta leikaranum í Hollywood aðalhlutverkið í myndinni sinni en stjarnan hefur engan áhuga. Þetta eru Bobby mikil vonbrigði en hann er samt staðráðinn í að halda sínu striki. Topp-myndin skal komast á breiðtjaldið hvað sem það kostar. *Aðalhlutverk: Steve Martin, Eddie Murphy, Heather Graham, Robert Downey Jr..*
**01.50 Lost and Found.** *(Tapað fundið)* Skemmtileg gamanmynd um Dylan Ramsey sem kolfellur fyrir nýjum nágranna. Nágranninn virðist hins vegar ekki endurgjalda áhugann svo Dylan grípur til þess örþrifaráðs að stela hundinum hans til að geta reynst vinur í raun þegar á reynir. Þetta ráðabrugg reynist ekki vera eins skothelt og Dylan hélt í fyrstu. *Aðalhlutverk: David Spade, Sophie Marceau, Patrick Bruel.*
**03.25 Friends (19:24)**
**03.45 Ísland í dag, íþróttir, veður**
**04.10 Tónlistarmyndbönd**

### Laugardagur 10. maí

**08.00 Barnatími Stöðvar 2**
**11.50 Bold and the Beautiful**
**13.40 Viltu vinna milljón?**
**14.30 Best in Show**
**16.10 Norah Jones.** *(Norah Jones á tónleikum)* Norah Jones er nafn sem tónlistarunnendur eiga eftir að heyra oft í framtíðinni. Djassinn hefur verið henni hugleikinn en á fyrstu plötu Noruh, Come Away With Me, eru samt aðrar tónlistarstefnur ríkjandi. Rödd hennar þykir einstök og það fengu aðdáendur hennar á tónleikunum í New Orleans svo sannarlega að heyra.
**17.10 Sjálfstætt fólk**
**17.40 Oprah Winfrey**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Lottó**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 David Blaine: Magic Man.** Sjónhverfingameistarinn David Blaine á engan sinn líka. Í þessum ótrúlega þætti sýnir Blaine töfrabrögð sem eru lyginni líkust. Sjón er sögu ríkari.
**20.30 Sjónvarpsjólavarp 2003.** Bein útsending þar sem einvalalið frétta- og tæknimanna Stöðvar 2 færir þjóðinni nýjustu tölur um leið og þær berast. Stórskemmtileg dagskrá með stjórnmálamönnum og skemmtikröftum fram á rauða nótt.
**03.10 Best in Show.** *(Hundasýningin)* Gamanmynd fyrir dýravini á öllum aldri! Það er komið að einum merkasta viðburði ársins hjá hundaeigendum í Bandaríkjunum. Mayflower-hundasýningin er að hefjast og fram undan er spennandi keppni. Eigendur og þjálfarar hundanna hafa lagt á sig mikla vinnu en það er nokkuð ljóst að ekki hafa allir erindi sem erfiði. *Aðalhlutverk: Eugene Levy, Catherine O´Hara, Michael McKean.*
**04.40 Tónlistarmyndbönd**

### Sunnudagur 11. maí

**08.00 Barnatími Stöðvar 2**
**12.00 Aukafréttatími v/kosninga**
**12.25 Neighbours**
**13.50 Enski boltinn.** Bein útsending.
**16.05 60 mínútur**

***Stöð 2 sýnir á sunnudagskvöld kl. 19:30 einn umtalaðasta þátt spurningaleiksins Viltu vinna milljón? , eða Who Wants to Be a Millionare? eins og hann heitir á frummálinu. Þátturinn var tekinn upp í Bretlandi fyrir einu og hálfu ári en honum var aldrei sjónvarpað því vinningshafinn, Charles Ingram (mynd), var grunaður um svindl. Lögreglan var kölluð til og hóf rannsókn sem tók marga mánuði. Niðurstaðan varð svo ljós í síðasta mánuði þegar dómur féll í málinu. Í þættinum er einnig greint ítarlega frá réttarhöldunum sem vöktu heimsathygli.***

**16.50 Tónlist**
**17.10 Að hætti Sigga Hall (10:12)**
**17.40 Oprah Winfrey**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag, íþróttir, veður**
**19.30 Who Wants To Be a Millionaire?** *(Viltu svíkja út milljón?)* Umtaladasti þáttur spurningaleiksins vinsæla, Viltu vinna milljón? Þátturinn var tekinn upp í Bretlandi árið 2001 en honum var aldrei sjónvarpað. Charles Ingram, sem svaraði öllum spurningunum rétt, var grunaður um svindl og í hönd fór umfangsmikil rannsókn sem lauk með sakfellingu Ingrams og tveggja vitorðsmanna hans.
**21.05 Twenty Four (15:24).** Jack fann sprengjuna á flugvellinum í síðasta þætti, Kim lá enn í felum og Stanton upplýsti að hann hafi verið með sérsveit í að leita sprengjunnar í margar vikur. Nú þarf hins vegar að losna við sprengjuna og tekur Jack það verkefni að sér.
**21.55 Boomtown (13:22)**
**22.40 60 mínútur**
**23.30 Band of Brothers (4:10)** *(Bræðrabönd)* Mikið mannfall hefur orðið í Easy fallhlífasveitinni og þeim berst liðsauki rétt áður en þeim er varpað yfir hersetið Holland í Market-Garden aðgerðinni. Bandamenn ætla að ráðast inn í Þýskaland frá Hollandi og hyggjast ljúka stríðinu fyrir jól.
**00.30 American Idol (21:34)**
**01.30 The Chippendale´s Murder.** *(Chippendale morðið)* Þessi átakanlega saga um völd, peninga og græðgi fjallar um uppgang og endalok Chippendaleveldisins. Steve Banerjee stofnar ásamt félaga sínum, Nick Denoia, klúbb þar sem karlaflokkur dansar erótískan dans fyrir konur. Þeir komast í verulegar álnir en tortryggni og græðgi Steves á eftir að valda bruna, morðtilraunum, morði og falli veldisins. *Aðalhlutverk: Naveen Andrews, Paul Hipp.*
**03.00 Tónlistarmyndbönd**

## SÝN

### Föstudagur 9. maí

**18.00 Olíssport**
**18.30 Football Week UK**
**19.00 Trans World Sport**
**20.00 4-4-2**
**21.00 Deep Rising.** *(Ófreskjur úr undirdjúpinu)* Úr botnlausum djúpum í Suður-Kínahafi koma ógnvekjandi verur upp á yfirborðið og ráðast á farþega um borð í skemmtiferðaskipi. Þessar verur þræða hvern krók og kima í skipinu og drepa allt sem verður á vegi þeirra. Þeirra örfáu sem enn lifa bíða hættur við hvert horn. *Aðalhlutverk: Treat Williams, Famke Janssen, Anthony Heald.*
**23.00 4-4-2**
**00.00 Telling Lies In America.** *(Lygasaga)* Karchy er nýfluttur frá Ungverjalandi til Bandaríkjanna og reynir að venjast annarri menningu. Hann kynnist plötusnúðinum Billy Magic sem virðist vaða í peningum og kvenfólki. Karchy tekur hann sér til fyrirmyndar en fer heldur frjálslega með staðreyndir til þess að auka hróður sinn. Nútímadæmisaga frá handritshöfundi Basic Instinct, Joe Eszterhaz. *Aðalhlutverk: Brad Renfro, Kevin Bacon, Calista Flockhart.*
**01.40 Deadly Addiction.** *(Tefld í tvísýnu)* Spennumynd um lögreglumanninn John Turner sem er kennt um morð sem hann aldrei framdi. Hann segir fjendum sínum stríð á hendur og leggur til atlögu gegn eiturlyfjabarónum í Los Angeles. Turner setur sér sín eigin lög á öngstrætum kvikmyndaborgarinnar. *Aðalhlutverk: Jack Vacek, Joseph Jennings, Michael Robbins.*
**03.15 Dagskrárlok og skjáleikur**

### Laugardagur 10. maí

**14.00 4-4-2**
**15.00 Football Week UK**
**15.30 Western World Soccer Show**
**16.00 Trans World Sport**
**17.00 Toppleikir**
**18.50 Lottó**
**19.00 Nash Bridges IV (11:24)**
**20.00 MAD TV.** Geggjaður grínþáttur þar sem allir fá það óþvegið. Þátturinn dregur nafn sitt af samnefndu skopmyndablaði sem notið hefur mikilla vinsælda.
**21.00 Sex Monster.** *(Kyntröllið)* Gamanmynd. Byggingaverktakinn Marty Barnes vill fá meira fjör í kynlífið og nauðar í eiginkonunni. Hún er treg til en lætur loks undan og samþykkir að þriðji aðili taki þátt í ástarleik þeirra hjóna. Marty hugsar sér gott til glóðarinnar, ánægður með að geta haft tvær í takinu. En ráðagerðin snýst í höndunum á honum og Marty fer að efast um að hafa gert hið rétta til að uppfylla draumóra sína. *Aðalhlutverk: Mariel Hemingway, Mike Binder, Renée Humphrey, Taylor Nichols.*
**22.30 Baise-moi.** *(Ríddu mér)* Mest umtalaða kvikmynd síðari ára. Lífið hefur ekki farið mjúkum höndum um Manu og Nadine. Manu var beitt kynferðislegu ofbeldi í æsku og Nadine starfar sem vændiskona. Þær telja sig eiga óuppgerðar sakir við heiminn og leggja upp í ferðalag þar sem allt snýst um ofbeldi og kynlíf. Atriði í myndinni kunna að vekja óhug. *Aðalhlutverk: Rafaëla Anderson, Karen Lancaume, Delphine MacCarty.*
**23.45 Oscar de la Hoya - Campas**
**01.45 Creating Kate.** *(Þokkagyðjan Kate)* Erótísk kvikmynd.
**03.10 Dagskrárlok og skjáleikur**

### Sunnudagur 11. maí

## SPORTIÐ Í BEINNI...

### Sjónvarpið

Laugardagur 10. maí kl. 13:25
**Þýski boltinn: Leikur óákveðinn**
Sunnudagur 11. maí kl. 13:50
**HM í íshokkí í Finnlandi**
Sunnudagur 11. maí kl. 16:05
**Íslandsmótið í handbolta karla: Úrslit**

### Sýn

Miðvikudagur 7. maí kl. 18:30
**Meistaradeild Evrópu: AC Milan – Inter Milan**
Miðvikudagur 7. maí kl. 20:45
**Enski boltinn: Arsenal – Southampton (ekki beint)**
Sunnudagur 11. maí kl. 15:45
**Enski boltinn: Leikur óákveðinn**

### Stöð 2

Sunnudagur 11. maí kl. 13:50
**Enski boltinn: Chelsea – Liverpool**

**ATH!**
Miðvikudagur 7. maí kl. 19:45
**Canal+ Blá: Arsenal – Southampton (beint)**



Lestu nýjustu fréttir daglega á www.bb.is

## Síðasta umferðin í enska boltanum

***Það er komið að síðustu umferðinni í ensku úrvalsdeildinni þetta keppnistímabilið. Örlög nokkurra liða hafa legið fyrir um hríð en önnur þurfa að berjast fram á síðustu stundu. Einn af leikjum dagsins verður sýndur beint á Sýn og annar á Stöð 2 en eftirtalin félög mætast: Birmingham – West Ham, Bolton – Middlesbrough, Charlton – Fulham, Chelsea – Liverpool, Everton – Manchester United, Leeds – Aston Villa, Manchester City – Southampton, Sunderland – Arsenal, Tottenham – Blackburn og WBA og Newcastle.***

**15.45 Enski boltinn.** Bein útsending.
**18.00 Meistaradeild Evrópu.** Farið er yfir leiki síðustu umferðar og spáð í spilin fyrir þá næstu.
**19.00 Western World Soccer Show.**
**19.30 NBA.** Bein útsending.
**22.10 US PGA Tour 2003**
**23.10 European PGA Tour 2003**
**00.10 Video Valentino.** *(Í konuleit)* Það blæs ekki byrlega fyrir Eddie þegar hans heittelskaða lætur ekki sjá sig á sjálfan brúðkaupsdaginn. En lífið heldur áfram og hann kemst fljótt að raun um að stúlkurnar í Los Angeles eru ekkert hrifnar af sveitastrákum frá Ohio-ríki. Eddie lagar sig að þessum breyttu aðstæðum og þá fyrst fara hjólin að snúast. *Aðalhlutverk: David Packer, Scott McGinnis, Bridget Fonda, Kristy McNichol.*
**01.45 Dagskrárlok og skjáleikur**

SKJÁREINN

Föstudagur 9. maí

**18:30 Guinness World Records (e)**
**19:30 Yes Dear (e)**
**20:00 Grounded for life.** Finnerty fjölskyldan er langt frá því að vera venjuleg en hjónin Sean og Claudia gera sitt besta til að gera börnin sín þrjú að heiðvirðum borgurum með aðstoð misjafnlega óhæfra ættingja sinna…
**20:30 Popp & Kók – Lokaþáttur.** Farið verður í heimsóknir til tónlistarunnenda og skoðað hjá þeim plötusafnið, einnig verður fylgst með gerð nýrra tónlistarmyndbanda, spjallað verður við nýjar og upprennandi hljómsveitir en einnig verður leitað í reynsluheim hjá þeim eldri.
**21:00 Law & Order SVU.** Geðþekkur og harðsnúinn hópur sérvitringa vinnur að því að finna kynferðisglæpamenn í New York. Stabler og Benson, Munch og Tutuola undir stjórn Don Cragen yfirvarðstjóra og Alexöndru Cabot saksóknara leita allra leiða til að finna tilræðismenn, nauðgara og annan sora og koma þeim bakvið lás og slá.
**22:00 Djúpa laugin.** Í Djúpu lauginni sýna Íslendingar af öllum stærðum og gerðum sínar bestu hliðar í von um að komast á stefnumót. Leikurinn gengur út á að einn keppandi spyr þrjá einstaklinga af gagnstæða kyninu margvíslegra spurninga, án þess að fá að hitta þá, og sá sem svarar best fyrir sig fær spennandi stefnumót og óvissuferð með spyrjandanum að launum
**23:00 Will & Grace (e)**
**23:30 Everybody Loves Raymond**
**00:00 CSI: Miami (e)**
**00:50 Jay Leno (e)**
**01:40 Dagskrárlok**

Laugardagur 10. maí

**13:00 Listin að lifa (e)**
**14:00 Jay Leno (e)** Jay Leno sýnir fram á keisarans nekt á hverju kvöldi er hann togar þjóðarleiðtoga, frægt fólk og bara hversdagslega vitleysinga sundur og saman í háði. Síðan spjallar hann í rólegheitum um stjórnmál, kvikmyndir, saumaskap og gæludýrahald við gesti sína sem eru ekki af verri endanum, margverðlaunaðar stjörnur og stuðboltar. Þættinum lýkur yfirleitt á að síkátir söngvarar koma fram.
**15:00 Yes, Dear (e)**
**15:30 Everybody Loves Raymond (e)** Raymond Romano er virtur og víðfrægur dálkahöfundur en í þeim kryfur hann íþróttir og íþróttamenn á eitursnjallan hátt. Heimafyrir þykir hann hinsvegar mesti heimskingi og heimskupör fremur hann oft á dag, eiginkonu sinni til mikillar armæðu. Enn aukast raunir hennar er litið er yfir götuna því þar búa tengdaforeldrar hennar og mágur og er það allsvakalegt hyski.
**16:00 Djúpa laugin (e)**
**17:00 Survivor Amazon (e)** Hulunni var svipt af því hverjir munu keppa í þáttaröðinni Survivor; Amazon. Í henni munu 16 Bandaríkjamenn búa við Rio Negro, afskekkta á í miðjum Amazonfrumskóginum í upphafi rigningartímabilsins. Hitinn er geypilegur, þeim er ógnað af flóðum og mannætufiskum, villiköttum, bakkadrekum og risalöngum og Mark Brunett en hann mun kynna nýjar reglur til sögunnar. Karlar munu nú berjast gegn konum
**18:00 Fólk með Sirrý (e)**
**19:00 Cybernet (e)**
**19:30 Life with Bonnie (e)** Skemmtilegur gamanþáttar um spjallþáttastjórnandann og skörunginn Bonnie Malloy sem berst við að halda jafnvæginu milli erfiðs frama og viðburðaríks fjölskyldulífs! Mennirnir í lífi hennar eiga svo fullt í fangi með að lifa samveruna og -vinnuna við hana af! Frábærir þættir sem fróðlegt verður að fylgjast með.
**20:00 Md´s**
**21:00 Leap Years**
**22:00 Law & Order SVU (e).** Geðþekkur og harðsnúinn hópur sérvitringa vinnur að því að finna kynferðisglæpamenn í New York. Stabler og Benson, Munch og Tutuola undir stjórn Don Cragen yfirvarðstjóra og Alexöndru Cabot saksóknara leita allra leiða til að finna tilræðismenn, nauðgara og annan sora og koma þeim bakvið lás og slá.
**22:50 Philly (e).** Kathleen er fyrsta flokks verjandi, sannur riddari hringborðsins í leit að hinum heilaga kaleik réttlætisins. Ásamt félaga sínum berst hún harðri baráttu við hrokafulla saksóknara og dómara í von um að fá kerfið til að virka. Kathleen er líka einstæð móðir og barnsfaðirinn jafnframt helsti andstæðingur hennar og ofurfjandi, sjálfur aðalsaksóknari Fíladelfíuborgar.
**23:40 Tvöfaldur Jay Leno (e)** Enginn er eyland og því bjóðum við upp á tvöfaldan skammt af Jay Leno en hann er einmitt tvíræður, tvöfaldur (í roðinu), tvífari (á sér marga) og eldri en tvævetra.
**01:10 Dagskrárlok**

Sunnudagur 11. maí

**12:30 Silfur Egils**
**14:00 Life with Bonnie (e)**
**14:30 The King of Queens (e)**
**15:00 Md´s (e)**
**16:00 Boston Public (e)** Boston Public er vel skrifaður framhaldsþáttur þar sem fylgst með lífi og störfum kennara og nemenda í menntaskóla í Boston. Þátturinn er framleiddur af David Kelly sem til dæmis framleiðir The Practice, Ally Mc beal og Chicago Hope.
**17:00 Innlit/útlit (e)**
**18:00 The Bachelorette (e)**
**19:00 Popp og Kók – Lokaþáttur (e)**
**19:30 Cybernet**
**20:00 Yes Dear**
**20:30 Will & Grace.** Eitt sinn var feimin ung skólastúlka sem hét Grace. Hún fann Will inni í skáp í skólanum þeirra, hjálpaði honum út og síðan hafa þau verið óaðskiljanleg. Þau búa saman þó þau tali ekki alltaf saman en þegar þau þegja hjálpa vinir þeirra Jack sem er ávallt með flírulæti og Karen hin sídrukkna til við að rjúfa þögnina.
**21:00 Practice.** Bobby Donnell stjórnar lögmannastofu í Boston og er hún smá en kná. Hann og meðeigendur hans grípa til ýmissa ráða, sumra býsna frumlegra til að koma skjólstæðingum sínum undan krumlu saksóknara, þar á meðal hinnar harðskeyttu Helen Gamble sem er samt mikil vinkona þar og sannar þar með enn og aftur að vinna og skemmtun þarf ekki að fara saman (þó hún geti gert það).
**21:50 Silfur Egils (e)** Silfur Egils hefur fest sig í sessi sem mikils metinn vettvangur pólitískrar og málefnalegrar umræðu og hefur frá upphafi verið einn umtalaðasti sjónvarpsþáttur landsins; fjörmikill, skemmtilegur og óháður. Egill Helgason kafar undir yfirborðið, hristir upp í mönnum og málefnum.
**23:20 Listin að lifa (e)**
**00:10 Dagskrárlok**


Arnar G. Hinriksson hdl.
Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243
Fasteignaviðskipti
Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum
Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu



Hvað er að ske? Á helginni
8. maí - 12. maí

Fimmtudag kl. 8 Föstudag kl 8
Sunnudag kl. 5 Sunnudag kl 8
Mánudag kl. 8

DANSLEIKUR
laugardagskvöld
KRÚSIN
Halli og Þórunn skemmta



Fasteignaviðskipti

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL.
Hafnarstræti 1 – Ísafirði
Sími: 456 3940 & 456 3244
Fax: 456 4647 – Netfang: tryggvi@snerpa.is
Heimasíða: www.bb.is/tg

Vantar eignir á skrá

**Einbýlishús:**
**Hlíðarvegur 42:** 183,2 m² raðhús á þremur hæðum, með sér íbúð í kjallara. **Tilboð óskast**
**Smiðjugata 12:** 83 m² gamalt einbýlishús á tveimur hæðum ásamt garði og tilheyrandi eignarlóð. **Tilboð óskast**
**Urðarvegur 27:** 190,5 m² einb.hús á 2 hæðum ásamt bílskúr, góðum garði, svölum og sólpalli. Skipti á minni eign mögul. **Verð 13,5 m.kr.**

**4-6 herbergja íbúðir:**
**Aðalstræti 26a:** 137,3 m² 5 herbergja íbúð á jarðhæð í þríbýlishúsi ásamt bílskúr og eignarlóð. **Verð 5,9 m.kr.**
**Mjallargata 1:** 122,2 m² 4ra herbergja íbúð á 3ju og 4. hæð í fjölbýlishúsi. Sér inngangur af svölum. **Verð 9,5 m.kr.**

**3ja herbergja íbúðir:**
**Silfurgata 11:** 74,1 m² 3ja herbergja íbúð á tveimur hæðum í uppgerðu fjölbýli. Íbúðin að mestu uppgerð. **Tilboð óskast**
**Silfurgata 11:** 56,2 m² (75m² gólffletur, mikið rými í risi) Björt og glæsileg íbúð með fráburu útsýni. Ótrúlega hagstæð í rekstri. Áhv. ca. 3,4 m.kr. **Verð 5,8 m.kr.**
**Stórholt 9:** 80,9 m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. **Tilboð óskast**
**Stórholt 13:** 79,2 m² íbúð á 3. hæð fyrir miðju ásamt sér geymslu. **Verð 4,5 m.kr.**

**2ja herbergja íbúðir:**
**Aðalstræti 24:** 74,6 m² íbúð 2. hæð. Íbúðin er öll ný og vel einangruð. **Verð 5,8 m.kr.**
**Aðalstræti 24:** 62 m² íbúð á 2. hæð. Íbúðin er öll ný og vel einangruð. **Verð 4,9 m.kr.**
**Brunngata 12a:** 57,4 m² íbúð í mjög góðu standi á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt sér geymslu og þvottahúsi í kjallara og eignarlóð. **Verð 4,5 m.kr.**
**Engjavegur 33:** 50,4 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Verð 4 m.kr.**
**Fjarðarstræti 6c:** 77,3 m² íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. **Verð 4,6 m.kr.**
**Hlíf II, Torfnesi:** 50,4 m² íbúð á 3. hæð í Dvalarheimili aldraðra. Áhv. ca. 3,7 m.kr. **Laus strax. Verð 6,3 m.kr.**
**Seljalandsvegur 58:** 52,1 m² íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt helmingi tvöfalds bílskúrs. Áhv. ca. 600 þ.kr. **Tilboð óskast**
**Tungata 3:** 80,7 m² íbúð á 2. hæð ásamt risíbúð. **Verð 4,5 m.kr.**

**Atvinnuhúsnæði:**
**Sindragata 14:** 534 m² stálgrindarhús á einni hæð. Húsið er nýtt, vel útbúið atvinnuhúsnæði á góðum stað. **Verð 25 m.kr.**
**Thai Koon:** 63 m² nýtt veitingahúsnæði og veitingastaður í fullum rekstri, ásamt innréttingum, tækjum og áhöldum. **Tilboð óskast**

**Bolungarvík:**
**Stigahlíð 4c:** 54 m² 2ja herbergja íbúð í kjallara í fjölbýlishúsi. Íbúðin er í góðu standi. **Tilboð óskast**

**Súðavík:**
**Holtagata 4:** 186 m² nýtt einbýlishús á þremur pöllum ásamt bílskúr. **Verð 12 m.kr.**

**Verslunarhúsnæði:**
**Silfurgata 6:** 98,5 m² verslunarhúsnæði á einni hæð í hjarta bæjarins. Möguleiki á að nýta sem íbúðarhúsnæði. **Verð 4,5 m.kr.**

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnisborn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: www.bb.is/tg


## veðrið

**Horfur á fimmtudag:** Austlæg átt, 5-10 m/s og dálítil rigning eða skúrir sunnan- og austantil, en annars skýjað með köflum og þurrt að kalla. Hiti 5-12 stig.
**Horfur á föstudag:** Austlæg átt, skýjað að mestu og sums staðar dálítil rigning, einkum sunnan- og austanlands. Lítið eitt kólnandi veður.
**Horfur á laugardag:** Austlæg átt, skýjað að mestu og sums staðar dálítil rigning, einkum sunnan- og austanlands. Lítið eitt kólnandi veður.
**Horfur á sunnudag:** Norðaustlæg átt og stöku skúrir. Heldur kólnandi veður.

## kirkja

**Hnífsdalskapella:** Guðsþjónusta sunnudaginn 11. maí kl. 14:00. Sr. Agnes M. Sigurðardóttir predikar.
**Súðavíkurkirkja:** Fermingarguðsþjónusta sunnudaginn 11. maí kl. 14. Fermd verður Linda Rut Ásgeirsdóttir, Arnarflót 9 í Súðavík.


bb.is – þessi eini sanni að vestan!


## afmæli

**Halldór Ásgeirsson**, Dalbraut 7, Hnífsdal, verður ***sextugur*** 10. maí nk. Af því tilefni munu hann og eiginkona hans, Ester Ingadóttir, taka á móti gestum frá kl. 18 á afmælisdaginn á efstu hæð Stjórnsýsluhússins á Ísafirði (gengið inn frá Pollgötu).

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

# Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4500 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 250 m/vsk

Verið velkomin í kosningakaffi

Kosningakaffi framsóknarmanna verður í kosningamiðstöðinni Hafnarstræti 8 Ísafirði á laugardag frá kl. 10:00.

Ef óskað er eftir akstri á laugardag þá vinsamlegast hafið samband við kosningaskrifstofuna í síma 456 3690.

Á laugardag verður kosningavaka frá kl. 22:00 í kosningamiðstöðinni.

Allir velkomnir.
Frambjóðendur Framsóknarflokksins.

www.xb.is

### Dómur í fjölskipuðum Héraðsdómi Vestfjarða

# Eins árs fangelsi og bóta-greiðsla fyrir kynferðisbrot

Maður um þrítugt var í Héraðsdómi Vestfjarða í síðustu viku dæmdur í 12 mánaða fangelsi fyrir kynferðisbrot. Þar af eru 9 mánuðir skilorðsbundnir til tveggja ára. Jafnframt var hann dæmdur til að greiða þolanda brotsins, konu á svipuðum aldri, 400 þúsund krónur í miskabætur, sem og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Brotið var framið haustið 2001. Maðurinn var sakfelldur fyrir að hafa haft í frammi kynferðislega tilburði við konuna þar sem hún svaf í svefnherbergi á heimili sínu. Þangað hafði maðurinn komið síðla nætur eftir að hafa verið á dansleik á Ísafirði og síðan í gleðskap annars staðar í bænum.

Að mati dómsins braut ákærði alvarlega gegn persónulegri friðhelgi, heimilishelgi og kynfrelsi þolanda brotsins. Taka bæri tillit til þess að hann hafi með brotinu rofið trúnað sem bundinn var við hann sem ættmenni og fjölskylduvin. Dómurinn taldi ekki ástæðu til að rengja þann framburð ákærða, að hann myndi ekki eftir atvikum málsins vegna ölvunar.

Dómurinn taldi rétt að skilorðsbinda þrjá fjórðu hluta fangelsisdómsins meðal annars vegna þess að hálft ár leið þangað til kæra var lögð fram, enda þótt sakir hafi verið bornar á manninn þegar daginn eftir að brotið var framið. Dómurinn leit einnig til þess að ákærði hefði vegna þessa máls misst tengsl við sér nákomið fólk, sem og þess, að hann hafi sýnt viðleitni til að bæta úr afleiðingum brotsins með því að leita eftir fyrirgefningu. Dóm þennan kváðu upp Erlingur Sigtryggsson dómstjóri, Finnur Torfi Hjörleifsson dómstjóri og Hjördís Hákonardóttir héraðsdómari.

### Ánægjuleg tíðindi fyrir ferðaþjónustuna á norðanverðum Vestfjörðum

# Farþegum skemmtiferðaskipa kemur Ísafjörður mest á óvart

Ísafjörður er sá áfangastaður meðal hafna landsins sem kemur farþegum erlendra skemmtiferðaskipa mest á óvart. Þetta kom fram í erindi Ólafíu Sveinsdóttur frá Ferðaskrifstofunni Atlantik á fundi með aðilum í ferðaþjónustu á Hótel Ísafirði í síðustu viku.

„Þetta hefur verið að koma fram í könnunum sem við höfum gert. Meðan Ísafjörður er að fá svona svörun eru þessi mál greinilega á réttri leið“, segir Ólafía. Fram kom að ferðamenn kunna vel að meta landslagið, þeim þyki bærinn fallegur með sínum gömlu húsum en ekki síst veki unga fólkið mikla eftirtekt.

„Þið eigið þetta unga fólk sem leikur tónlist fyrir ferðamenn og gerir svo margt skemmtilegt sem er tvímælalaust mikill styrkur og sérstaða fyrir bæinn“, sagði Ólafía. Hún lagði einnig áherslu á mikilvægi vandaðrar leiðsagnar og sagði það fagnaðarefni að ákveðið hefur verið að halda námskeið fyrir leiðsögumenn á svæðinu.

Ísafjarðarbær gekkst fyrir fundinum. Um 30 manns sátu hann en tilgangurinn var að hrista fólk saman fyrir sumarið og sköpuðust miklar umræður. Ólafía fjallaði um móttöku skemmtiferðaskipa en hún er hefur einna mesta reynslu allra á því sviði hérlendis. Auk hennar fluttu erindi þeir Rúnar Óli Karlsson, ferðamálafulltrúi Ísafjarðarbæjar, og Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri í Ísafjarðarbæ. Þeir lögðu báðir áherslu á mikilvægi þess að heimamenn ættu farsælt samstarf við Ólafíu og þá aðila sem sjá um að fá skemmtiferðaskip til landsins.



*Guðmundur M. Kristjánsson hafnarstjóri og Ólafia Sveinsdóttir frá Ferðaskrifstofunni Atlantik.*

### Gervigrasvöllur á Torfnesi á Ísafirði

# Kostnaður nemur um 47 milljónum króna

Þrjú tilboð bárust í gerð gervigrasvallar á Torfnesi á Ísafirði og þrjú tilboð um gervigras á völlinn. Á fundi sínum í síðustu viku lagði bæjarráð Ísafjarðarbæjar til við bæjarstjórn að tilboði Ásels ehf. og Úlfars ehf. á Ísafirði í gerð vallarins yrði tekið. Tilboðið nemur liðlega 13,8 milljónum króna. Það er um 3,3% yfir kostnaðaráætlun Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. á Ísafirði sem nam 13,4 milljónum króna.

Einnig bárust tilboð frá Gröfuþjónustu Bjarna ehf., Suðureyri, upp á tæplega 18,6 milljónir króna (38,6% yfir kostnaðaráætlun) og frá Einari Halldórssyni, Ísafirði, upp á liðlega 21,4 milljónir króna (60,1% yfir kostnaðaráætlun).

Bæjarráð lagði jafnframt til að tekið yrði tilboði um gervigras sem Sport-Tæki ehf. í Reykjavík lagði fram. Þar er um að ræða gras af tegundinni Mondoturf AE55 og nam tilboðið liðlega 33,1 milljón króna. Sama fyrirtæki bauð einnig gervigras af tegundinni Mondoturf AE60 fyrir 36 milljónir króna en Polytan GMBH í Danmörku bauð Polytan-gras fyrir liðlega 30,5 milljónir króna.

Samanlagður kostnaður vegna þeirra tveggja tilboða sem lagt er til að tekið verði, annars vegar í gerð vallarins og hins vegar um gervigrasið, er því rétt tæpar 47 milljónir króna.